

SHALDOR  
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



GERÐU OKKUR TILBOÐ

TAL

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

14. febrúar 2011  
37. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Frímanni í Danmörku**  
Prufa af spjallþætti með  
Frímanni Gunnarssyni í  
Danmörku tókst vel.  
**fólk 22**

**Eldfimt málefni**  
Málþing haldið um  
staðgöngumæðrun í  
Safnaðarheimili Neskirkju.  
**tímamót 12**



**Fastagestir í Höllinni**  
Valur vann Fram í fram-  
lengingu og er í bikar-  
úrslitum fjórða árið í röð.  
**sport 18**

veðrið í dag



**HÆGVIDRI** Í dag eru horfur á  
hægum suðlægum og suðaustlægum  
áttum um allt land. Skúrir S-tíl  
en slyddu- eða snjóél vestanlands.

VEÐUR 4

**Fjör-  
ostur**

Prófaðu bragðgóða  
Fjöróstinn, fituminnsta  
kostinn í ostaúrvali  
dagsins.

aðeins  
9%

Ríkur af músupróteínum

## Lýtaaðgerðum fjölgar en fegrunaraðgerðum fækkar

Sjúkratryggingar Íslands greiddu um 100 milljónir vegna lýtaaðgerða 2009. Slíkum aðgerðum fjölgaði úr 3.415 árið 2006 í 6.547 árið 2009. Brjóstastækkun og andlitslyftingar eru ekki niðurgreiddar af Sjúkratryggingum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Nær tvöfalt fleiri leituðu til lýtalækna hér á landi á árinu 2009 en árið 2006. Árið 2006 voru skráðar komur til lýtalækna 6.612 og árið 2009 voru þær orðnar 11.647.

Komur eru taldar við hverja heimsókn til lýtalækna og jafngildir fjöldi koma því ekki fjölda aðgerða. Aðgerðir árið 2006 voru 3.415 en 6.547 árið 2009. Hér er þó einungis um að ræða komur og aðgerðir sem skráðar eru hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) og eru þar með niðurgreiddar af stofnuninni.

Útgjöld SÍ (þá Tryggingastofnunar ríkisins) vegna kaupa á þjónustu lýtalækna fyrir árið 2006 voru tæpar 40 milljónir. Árið 2009 voru útgjöld stofnunarinnar komin upp í tæpar 100 milljónir, sem gerir um 150 prósentu aukningu útgjalda.

Þær lýtalækningar sem

**100** milljónir króna voru útgjöld Sjúkratrygginga Íslands vegna lýtaaðgerða árið 2009.

TÖLUR SJÚKRATRYGGINGA ÍSLANDS

tryggingar taka til eru vegna fæðingargalla, þroskafrávika, áverka, sýkinga, æxla eða annarra sjúkdóma. Þá er meðferð ætlað að bæta verulega skerta líkamsfærni og lagfæringu lýta eftir sár eða sly. Greiðslur SÍ taka einnig til útlits-einkenna sem flokkast utan eðlilegs líffræðilegs breytileika. Fegrunaraðgerðir, eins og brjóstastækkningar, svuntuaðgerðir eða andlitslyftingar, eru ekki niðurgreiddar af SÍ.

Fjöldi koma til lýtalækna og kostnaður Sjúkratrygginga

Ár	Komur	Heildarútgjöld	Hluti sjúklings	Hluti SÍ*
2006	6.612	66,9 milljónir	25,9 milljónir	39,9 milljónir
2007	6.944	72 milljónir	27,5 milljónir	44 milljónir
2008	9.887	119,7 milljónir	42,8 milljónir	76 milljónir
2009	11.647	156,8 milljónir	56 milljónir	97,2 milljónir
Alls	35.080	415,4 milljónir	152,2 milljónir	257,1 milljónir

\* Tryggingastofnun ríkisins (TR) skiptist í Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og TR í október 2008.

Ottó Guðjónsson, formaður Félags lýtalækna á Íslandi, segir að ástæður þróunarinnar megi rekja til aukinnar meðvitundar um ýmis heilsufarsatriði, eins og sortuæxli og húðsjúkdóma, sem og til fjölgunar í lýtalækna-stéttinni á þessum árum.

„Það er svo margt sem lýtalækna taka sér fyrir hendur annað en fegrunaraðgerðir,“ segir Ottó. „Mikið af vinnunni

tengist til að mynda brottnámi sortuæxla og bletta og það er mikill vakning í þeim efnum.“ Hann bætir við að um leið og lýtaaðgerðum sem þessum fjölgi á milli ára hafi almennum fegrunaraðgerðum, eins og brjóstastækkunum og andlitslyftingum, fækkað.

Árið 2006 voru sjö starfandi lýtalækna á Íslandi en þeir voru orðnir ellefu árið 2009. - sv



**GLATT Á HJALLA** Dorrit Moussaieff, forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar, hnaut lítilega um texta þann sem hún las upp við afhendingu rósarinnar í gær. Hún tók því vitanlega létt, sem og allir viðstaddir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Dorrit Moussaieff afhenti viðurkenninguna Eyrarrósina á Bessastöðum í gær: Sumartónleikar í Skálholti hlutu rósina

**MENNING** Sumartónleikar í Skálholti hlutu Eyrarrósina og verðlaunafé að upphæð 1,5 milljónir króna við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær.

Eyrarrósinn er viðurkenning, veitt framúrskarandi menningarverkefnum á landsbyggðinni, sem Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands hafa sett á stofn.

„Þetta er mikill heiður og viðurkenning,“ segir Sigurður Halldórsson, listrænn

stjórnandi Sumartónleikanna, en þeir hafa verið haldnir í 35 sumur. „Eyrarrósinn hjálpar til við að auka skilning á þessari starfsemi og það skiptir miklu máli,“ bætir hann við.

Dorrit Moussaieff, forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar, afhenti viðurkenninguna og verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttir myndlistarkonu. Önnur verkefni sem voru tilnefnd voru Þórbergssonur, Hala í Suðursveit, og 700IS Hreindýraland, Egilsstöðum. - rat

## Sonja Bent á CPH Vision: Nauðsynlegt að selja til útlanda

**ÚTLUTNINGUR** Sonja Bent var í hópi íslenskra hönnuða sem sóttu sölusýninguna CPH Vision sem fór fram í síðustu viku. Slíkar sýningar geta skapað góð tækifæri fyrir íslenska hönnuði.

Þetta er í annað sinn sem Sonja tekur þátt í sýningunni, sem er hluti af tískuvíkunni í Kaupmannahöfn. Hönnun Sonju vakti nokkra athygli og hefur þöntunum rignt inn. Hún segir nauðsynlegt fyrir íslenska hönnuði að selja vörur sínar úr landi, þar sem markaðurinn hér sé of lítill til að hægt sé að lifa á hönnun. „Vilji maður stækka og halda áfram að draga andann verður maður að leita út fyrir landsteinana.“ - sm / sjá síðu 22

**TENGI**

Tilboð vikunnar

**Ifö**

Ifö Cera salerni m/ mjúki setu  
Tilboð kr: **29.900,-**

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6  
Kópavogi | Akureyri  
Sími 414 1000 | Sími 414 1050



## SPURNING DAGSINS



Hrafn, ertu bara floginn?

„Já, hreiðrið verður vonandi ekki autt lengi.“

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, hefur tilkynnt að hann hyggist láta af störfum að loknum aðalfundi í maí. Hann verður 68 ára í sumar og hefur gegnt starfinu í 36 ár.

Dæmd til fangelsisvistar:

## Var með fíkniefni innvortis

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í fjögurra mánaða fangelsi fyrir smygl á rúmlega 145 grömmum af amfetamíni.

Konan, sem játaði brot sitt, kom með flugi frá Kaupmannahöfn 22. janúar. Amfetamínið hafði hún falið í leggöngum og endaparmi.

Konan hefur ekki áður sætt hér refsingu, en samkvæmt upplýsingum alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra hefur hún fengið sektir í Danmörku vegna búðarþjófnaðar og fíkniefnabrota. -jss



**HORFTYFIR** Gert er ráð fyrir að ráða á næstu vikum allt að 25 starfsmenn í fiskvinnslu á Flateyri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eyraroddi seldur á Flateyri:

## Flytja menn og báta vestur

**VIÐSKIPTI** „Við vonumst til að fá byggðakvóta þegar fram líða stundir. Þetta lifir allt á því að fá hráefni í hús,“ segir Kristján Kristjánsson sem um helgina keypti ásamt Sigurði Aðalsteinsyni allar eignir þrotabús Eyrarodda á Flateyri.

Eyraroddi sagði upp 42 starfsmönnum í haust. Fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota fyrir tæpum mánuði. Kristján og Sigurður eiga útgerðirnar Lotnu og Reddingu sem gera út trillu og línubát, eru með um 200 tonna kvóta af ýsu og þorski auk eigna- og leigukvóta.

Bátarnir verða fluttir vestur. Til stendur að ráða 20 til 25 manns til að byrja með og hefja vinnslu á næstu vikum. -job

Þrjátíu þúsund lögreglumenn stöðvuðu mótmælendur í Algeirsborg:

## Fyrstu fjöldamótmælin í tíu ár

**ALSÍR, AP** Hátt í þrjátíu þúsund óeirðalögreglumenn stóðu vaktina á götum Algeirsborgar á laugardag og handtóku hátt í fjögur hundruð mótmælendur. Um tíu þúsund manns voru á götum úti og hunsuðu þar með bann stjórnvalda við mótmælum. Þeir hrópuðu: „Ekki meira lögregluríki!“ og héldu á skiltum sem á stóð: „Skilið okkur Alsír til baka“.

Að sögn stjórnarandstöðunnar í Alsír sýndu mótmælendurnir mikið hugrekki því engin fjöldamótmæli hafa verið þar í landi undanfarin tíu ár. Mikil fátækt og atvinnuleysi er í



**MÓTMÆLI** Hátt í fjögur hundruð mótmælendur voru handteknir í Alsír á laugardag.

Önnur mótmæli eru fyrirhugð þar næstkomandi laugardag.

Mótmælin í Túnis og Egyptalandi

sem urðu til þess að leiðtogar landanna hrökklust frá völdum hafa hvatt almenning í Alsír til dáða. Sömu sögu er að segja af almenningsi í Jemen, þar sem nokkur þúsund manns mótmæltu stjórnvöldum þriðja daginn í röð í gær. Nokkrir mótmælendur særðust í átökum við lögreglu og 23 voru handteknir.

Þá hefur stjórnarandstaðan í Íran hefur hvatt til mótmæla í höfuðborginni Teheran í dag, þrátt fyrir aðvaranir stjórnvalda um að hart verði tekið á slíkri hegðun. Yfir fjórutíu þúsund hafa skráð sig til þátttöku í mótmælunum á Facebook. -fb

Bílfelta á Hellsheiði:

## Börnin sluppu nærri ómeidd

**LÖGREGLA** Betur fór en á horfðist þegar bíll með fimm manns innanborðs valt eina veltu á Hellsheiði klukkan fjögur í gær.

Móðir með fjögur börn ók bílnum en talið er að hún hafi misst stjórn á honum vegna hálfu. Tíu ára drengur sem var farþegi í bílnum meiddist á hendi en hin börnin, sem eru á aldrinum tveggja til sextán ára, sluppu nær ómeidd. Móðir barnanna slapp líka með minniháttar meisli, en þau voru öll flutt á slysadeild. Bíllinn er nokkuð illa farinn. -rat

## Verða að setja kirkju að veði fyrir gjöldum

Borgarráð neitar rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni um undanþágu frá því að setja væntanlegar kirkjubyggingar að veði fyrir opinberum gjöldum. Þá er ósk um kauprétt að leigulóðinni hafnað. Söfnuðurinn vill ræða fáein atriði nánar.

**STJÓRNSÝSLA** „Gera verður kröfu til þess að Söfnuður Moskva-patríarkatsins lúti sömu lóðaskilmálum og allir aðrir,“ segir í umsögn sem borgarráð samþykkti og varðar lóðaleigu til rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er borgin að ganga frá samningi við Söfnuð Moskva-patríarkatsins um lóð fyrir rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna á tveimur samliggjandi lóðum ofan við Mýrargötu. Þar á að rísa kirkja, safnaðarheimili og íbúð fyrir prest. Ekki hefur náðst samkomulag um nokkur atriði og málið því dregist.

Söfnuðurinn óskaði eftir því að vera undanþeginn ákvæði sem er í hefðbundnum lóðaleigusamningum borgarinnar um að mannvirki á lóðum séu að veði fyrir lóðarleigu, fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum vegna lóðarinnar og mannvirkja á henni. Er það vegna reglna safnaðarins sjálfs um að ekki megi veðsetja kirkjulegar eignir hans.

„Reglur þessar hafa ekkert formlegt gildi nema hjá söfnuðinum,“ segir í umsögn Ágúst Jónssonar, skrifstofustjóra hjá framkvæmda- og eignasviði borgarinnar. Þar kemur fram að söfnuðurinn bjóðist til að leggja fram bankaábyrgð til að tryggja greiðslu áður nefndra gjalda en að þeirri lausn sé hafnað. „Söfnuðurinn getur hins vegar, ef honum sýnist svo, átt bankainnstæður eða aðrar slíkar tryggingar sem verja hann gegn áföllum vegna hugsanlegra vanskila á opinberum gjöldum.“



**LÓÐ MOSKVA-PATRÍARKATSINS** Hér ofan við Mýrargötu í Vesturbæ Reykjavíkur eiga að rísa kirkja, safnaðarheimili og íbúð fyrir prest rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Söfnuðurinn getur hins vegar, ef honum sýnist svo, átt bankainnstæður eða aðrar slíkar tryggingar sem verja hann gegn áföllum.

ÁGÚST JÓNSSON  
SKRIFSTOFUSTJÓRI

Þá er hvorki fallist á þá kröfu safnaðarins að hann fái kauprétt að umræddum lóðum né forkaupsrétt ef borgin vill ekki framlengja samninginn að loknum leigutímanum, sem er fimm-tíu ár. Hins vegar er orðið við ósk safnaðarins um að bæta 180 fermetrum í borgarlandinu

við kirkjulóðina og að gefinn sé þriggja ára frestur til að ljúka framkvæmdum í stað aðeins tveggja ára. Samkvæmt upphaflegu samkomulagi frá því í júlí 2007 mun söfnuðurinn ekki greiða gatnagerðargjöld.

Fulltrúar Söfnuðar Moskva-patríarkatsins munu enn vilja nánari skoðun á lóðaskilmálunum en innan borgarkerfisins er frágangur samningsins þó talinn á lokastigi. Samkvæmt upplýsingum frá skipulags- og byggingarsviði borgarinnar hafa engar teikningar af kirkjubyggingunum enn borist þangað. Þær hugmyndir sem hafa óformlega verið kynntar fela í sér hönnun í hefðbundnum rússneskum kirkjustíl. gar@frettabladid.is



**VIÐ LESTUR** Þeir sem sinna flóknum verkefnum ættu að taka hlé reglulega til að auka afköstin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ný rannsókn á virkni heilans:

## Stuttar pásur auka athyglina

**VÍSINDI** Stuttar pásur geta bætt athyglisgáfu fólks verulega þegar það sinnir löngum verkefnum, samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar á starfsemi heilans. Niðurstöðurnar hafa verið birtar í vísindaritinu Cognition.

Þekkt hefur verið að heilinn hættir að senda boð um áreitni þegar það verður viðvarandi. Til dæmis taka fæstir eftir núningi húðar við fötin sem þeir ganga í. Nú hefur verið sýnt fram á að það sama á við um athyglisgáfuna.

Í tilraunum stóðu hópar sem tóku stuttar pásur í miðju verkefni sig betur en þeir sem fengu að einbeita sér að verkinu. -bj

Viðhorf til stjórnlagaþings:

## Flestir vilja láta skipa nefnd

**STJÓRNLAGAÞING** Fjórðungur landsmanna vill að hætt verði við stjórnlagaþing, að því er fram kom í umfjöllun Útvarpsins í gær um nýjan Þjóðarpúls Gallup.

Flestir vilja hins vegar að skipuð verði stjórnlagaþingsnefnd, eða 41 prósent. 25 prósent vilja að hætt verði við stjórnlagaþing, 20 prósent að boðað verði til nýrra kosninga, rúmlega 11 prósent vilja fresta stjórnlagaþinginu tímabundið, en tvö prósent vilja að stjórnvöldum verði gert kleift að kjósa fulltrúa á stjórnlagaþing óháð fyrri kosningum. -rat

Herráð Egyptalands hefur leyst upp ríkisstjórnina og ógilt stjórnarskrána:

## Mubarak kom auðæfum í skjól

**KAÍRÓ, AP** Herráð Egyptalands hefur leyst upp ríkisstjórn landsins og ógilt stjórnarskrána. Með því hefur það orðið við tveimur lykilkjöfum mótmælenda sem hafa barist fyrir lýðræðislegu og sanngjörnu þjóðfélagi eftir að forsetinn Hosni Mubarak hrökkladist frá völdum.

Herráðið tók við stjórnartaumunum í Egyptalandi á föstudag og verður við völd næstu sex mánuðina, eða þangað til forseta- eða þingkosningar verða haldnar. Skipuð verður nefnd sem mun vinna að endurbættum á stjórnarskránni og að því loknu verður hún lögð undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Herráðið hefur áréttað að það muni standa við alla alþjóðlega samninga sem Egyptaland gerði í tíð Mubarak, þar á meðal friðarsamning við Ísrael. Hussein Tantawi, varnarmálaráðherra og yfirmaður hersins, verður valdamesti maður landsins.

Hosni Mubarak er talinn hafa nýtt síðustu átján daga valdatíðar sinnar til þess að koma gríðarlegum auðæfum sínum í öruggt skjól. Talið er að hann hafi komið undan á bilinu þrjátíu til fjórutíu milljarðar punda en forsetinn hagnaðist gríðarlega á sérkennilegu efnahagssumhverfi í landinu þar sem stærstu fyrirtækin greiddu honum helming arðsins. Yfirvöld



**KLÆDD EGYPSTA FÁNANUM** Mótmælendur á Tahrir-torginu í höfuðborginni Kaíró klæddur egypsta fánanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í Sviss hafa fryst eigur Mubarak þar í landi en samkvæmt heimildum The Sunday Telegraph hefur hann þegar komið megninu af auðæfunum í skjól, líklega til Sameinuðu arabísku furstadæmanna eða Sádi-Arabíu. -fb



**ÞAÐ ER GOTT AÐ TAKA C-VÍTAMÍN**

**Vissir þú að C-vítamín** er eina vítamínið sem líkaminn framleiðir ekki

**Vissir þú að C-vítamín** eykur brennsluna til muna

**Vissir þú að C-vítamín** inniheldur andoxunarefni sem hjálpa til við að halda frumunum heilbrigðum

10% afsláttur

maður lifandi  
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24 | Hæðarsmára 6 | Hafnarborg  
105 Reykjavík | 201 Kópavogur | 220 Hafnarfirði  
Sími: 585 8700 | Sími: 585 8710 | Sími: 585 8720



# Gefðu elskunni þinni Android farsíma frá Nova!



## HTC Wildfire

ANDROID 2.1

- Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 5,0 MP myndavél

**1.000 kr. símtöskun**  
**á mán. í 12 mán. fylgir!**

**4.990 kr.**

**á mánuði í 12 mánuði**  
**Staðgreitt: 58.990 kr.**

Gildir með áskrift og frelsi.



**1.000 kr.**  
**símtöskun**  
**á mán. í 12 mán.**  
**fylgir öllum**  
**Android**  
**farsímum**  
**hjá Nova!**

## LG Optimus One

ANDROID 2.2

- Google Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 3,15 MP myndavél

**1.000 kr. símtöskun**  
**á mán. í 12 mán. fylgir!**

**3.990 kr.**

**á mánuði í 12 mánuði**  
**Staðgreitt: 44.990 kr.**

Gildir með áskrift og frelsi.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!  
**NOVA**



GENGIÐ 11.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	117,22 117,78
Sterlingspund	187,36 188,28
Evra	158,42 159,3
Dönsk króna	21,243 21,367
Norsk króna	19,924 20,042
Sænsk króna	17,932 18,038
Japanskt jen	1,4024 1,4106

SDR 182,07 183,15

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 214,707

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Könnun Félags atvinnurekenda leiðir í ljós efasemdir um framtíð krónunnar sem gjaldmiðils:

# Atvinnurekendur missa trú á krónuna

**EVROÞUMÁL** Meirihluti félagsmanna í Félagi atvinnurekenda er fylgjandi aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið (ESB) og mikill minnihluti telur krónuna vera framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun sem félagið gerði meðal félagsmanna sinna í síðasta mánuði. 140 fengu könnunina senda og 77 svöruðu.

Þegar spurt er hvort krónan sé framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland segjast 63 prósent svarenda vera því ósammála eða mjög ósammála. Fjórðungur er hlutlaus og einungis tólf prósent segjast sammála eða mjög sammála.

Þegar kemur að ESB-viðræðunum segjast

58 prósent fylgjandi og 28 prósent andvíg. Varðandi inngöngu í ESB sagðist 41 prósent andvíg en 34 prósent fylgjandi á meðan fjórðungur tók ekki afstöðu.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir þessa útkomu ekki koma sér á óvart og þar megi lesa úr kall eftir stöðugleika.


„Flest fyrirtækin eiga mikil viðskipti við útlönd og svo lítil og ótrúverðugur gjaldmiðill gerir stöðuna flóknari.“

Varðandi ESB aðild segir Almar að menn sjái það sem ákveðna lausn á fyrrgreindu máli.


„Menn eru í raun að segja að það séu of margar breytur hér á fleygiferð.“

## Könnun Félags atvinnurekenda:

Krónan er framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland



Ertu sammála aðildarviðræðum við ESB?



Í LITHÁEN Vytautas Landsbergis, fyrrverandi forseti litháíska þingsins, Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Audronius Azubalis, utanríkisráðherra Litháens.

## Minnisskjöldur afhúpaður: Vináttuböndin ennþá traust

**LITHÁEN** Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra afhjúpaði á laugardag minnisskjöld í Vínús, höfuðborg Litháens, um viðurkenningu Alþingis á sjálfstæði landsins.

„Til Íslands, sem óttalaust viðurkenndi lýðveldið Litháen, fyrst allra ríkja þann 11. febrúar 1991,“ segir á skildinum.

Í ávarpi sínu við athöfnina lýsti utanríkisráðherrann stolti Íslendinga yfir því að hafa getað stutt Litháen í baráttu sinni fyrir sjálfstæði. Hann sagði vináttuböndin sem þá hefðu verið bundin enn afar traust.

## LÖGREGLUMÁL

**Misstu stjórn á bíl í hálfu** Ferðamenn misstu stjórn á bíl í hálfu þegar þeir voru að aka nálægt Geysi í Haukadal fyrir hádegisí gær. Bíllinn skemmdist talsvert, en ferðamennirnir sluppu ómeiddir.

**Fór utan í vegrið í Reykjavík** Fólksbíll ók utan í vegrið á mótum Bústaðavegar og Flugvallavegar laust fyrir klukkan hálf átta í gærkvöld. Ókumaður hlaut smávægileg meiðsl og var fluttur á slysaðeild. Kranabíl þurfti til að losa bílinn.

# Hafa slegið verulega af kröfum sínum

Bræðslumenn fóru fram á sjö prósent launahækkun fyrir viku. Það þótti of mikið. Ekki kemur til greina að semja sérstaklega við einn hóp, segir framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Verkfall bræðslumanna hefst á morgun.

**KJARAMÁL** „Við höfum reiknað með því að mennirnir muni ana út í þetta verkfall og valda starfsfélögum sínum, fyrirtækjum og samfélaginu stórkostlegu tjóni. Við höfum ekki fundið fyrir neinni ábyrgðartilfinningu hjá þeim,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um fyrirhugað verkfall um átta tíu bræðslumanna sem hefst á morgun.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, sagðist í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær áætla að útgærin yrði af allt að ellefu milljörðum króna vegna verkfallsins. Þar af væru fimm milljarðar í bræðslu og á bilinu þrjár til sex milljarðar í loðnuhrognum sem yrðu eftir í sjónum.



**VILHJÁLMMUR EGILSSON** Sværrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLS Starfsgreinafélags og samningamaður bræðslumanna, vísar ábyrgðinni aftur til föðuhúsanna. Hann segir bræðslumenn hafa slegið verulega af kröfum sínum um 27 prósent launahækkun en talað fyrir daufum eyrum.



**LOÐNA** Útgerðin gæti orðið af ellefu milljörðum króna vegna verkfalls bræðslumanna, að mati framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar.

Það er ekki eðlilegt að einn hópur fari á undan og vilji meira en aðrir. Það gengur ekki upp.

**VILHJÁLMMUR EGILSSON** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

hópi og setja hér allt í uppnám á vinnumarkaðnum,“ segir hann.

Sværrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLS Starfsgreinafélags og samningamaður bræðslumanna, vísar ábyrgðinni aftur til föðuhúsanna. Hann segir bræðslumenn hafa slegið verulega af kröfum sínum um 27 prósent launahækkun en talað fyrir daufum eyrum.



**SVISS** Meirihluti Svisslendinga hefur hafnað því að lög um byssueign verði hert.

Atkvæðagreiðsla í gær:

## Byssulög verða ekki hert í Sviss

**SVISS, AP** Meirihluti Svisslendinga hefur hafnað því í þjóðar- atkvæðagreiðslu að lög um byssueign í landinu verði hert. Um 1.300 sjálfsvíg eru framin á hverju ári í Sviss og fjórðungur þeirra er af völdum byssu. Til laga hafði verið lögð fram um að herraflar yrðu bannaðir á heimilum og að erfiðara yrði að festa kaup á annars konar byssum. Andstæðingar tillöggunnar telja að þessar breytingar dragi úr trausti á hernum. Hefð er fyrir því að menn eigi áfram riffla sína eftir að þeir ljúka herþjónustu sinni og geymi þá á heimilum sínum.

Árekstur á Víkurvegi:

## Klippa þurfti slasaðan úr bíl

**LÖGREGLAN** Þrjár voru fluttir á slysaðeild eftir að fólksbíll og jeppi skullu saman á Víkurvegi við Vesturlandsveg í Reykjavík klukkan hálf sex í gærkvöldi.

Tækjabil frá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu fór á staðinn en klippa þurfti einn hinna slösuðu út úr öðrum bílnum.

Töluverðar annir voru hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vegna hálfu í gær. Samkvæmt upplýsingum slökkviliðsins var farið í yfir 30 sjúkraflytinga. - rat

**NÝTT! NICOTINELL ICEMINT**

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikótínlyf fastan lyfjaðeils og eru notað sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlum með lyfinu. Skammtar af Nicotinel lyfjatyggigömmum mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða verandi hjartaöng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaangar, alvarlega hjartalátarreglu eða heilabliðfalli nýlega, eiga ekki að nota Nicotinel nikótínlyf. Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náð að stjórna á stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilabólum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtis eða krömlíkaæxi, auk alvarlega skertar nýrna- og/ eða lifrarstarfsemi skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinel. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að lækisráði. Markaðsleyfisnúmer: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

**NICOTINELL LYFJATYGGIGÖMMUM**

**NÝTT FRÍSKANDI MINTU BRAGD**

**VELDU REYKLAUST LÍF**

## VEÐURSPÁ

**HEIMURINN**

Alicante	15°
Basel	10°
Berlín	2°
Billund	1°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	0°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	20°
London	7°
Mallorca	14°
New York	10°
Orlando	21°
Ósló	-6°
París	9°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-7°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGVIRI** Í dag og næstu daga verður fremur hægur vindur á landinu og úrkomulítið en þó stöku él, einkum í dag. Á morgun léttir heldur til sunnanlands en á miðvikudaginn hversir síðdegis við austurströndina með rigningu. Þá hlýnar aðeins í veðri.

**Á MORGUN** 5-8 m/s um allt land.

**MÍÐVIKUDAGUR** Fremur hægur vindur.





5 ára ábyrgð

5 ára  
vegaaðstoð

5 ára  
léttskoðun



# Prefalt betri

Nýjum *i30* fylgir þrefaldur öryggispakki til 5 ára.

## Nýr *i30*

Hjá Hyundai er öryggið ávallt í fyrirrúmi. Nýjum Hyundai *i30* fylgir nú þrefaldur öryggispakki sem samanstendur af 5 ára ábyrgð, 5 ára vegaaðstoð og aðgangi að léttskoðun í 5 ár. Þessu til

viðbótar hlaut nýr Hyundai *i30* 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófi og státar af einstaklega sparneytinni og umhverfisvænni vél. Óhætt er að fullyrða að öruggari bílakaup séu vandfundin á Íslandi í dag.

Verð frá: **2.690.000 kr.**

Allar nánari upplýsingar á [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



**B&L og Ingvar Helgason**  
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík  
525 8000 • [www.bl.is](http://www.bl.is) • [www.ih.is](http://www.ih.is)



INGVAR HELGASON



## KJÖRKASSINN



Ert þú bjartsýn(n) á framhald kjaraviðræðna?

Já 20,3%  
Nei 79,7%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Á umhverfisráðherra að segja af sér eftir dóm Hæstaréttar?

Segðu þína skoðun á vísir.is



6

Icesave-samningur líklega ekki í hendur þjóðar styðji meirihluti þingmanna hann:

## Alþingi með umboð þjóðarinnar

**STJÓRNMÁL** Samþykki rúmur meirihluti Alþingis Icesave-samninginn eru skilaboðin skýr og hann síður lagður í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir því sem dregur úr stuðningi á Alþingi aukast líkur á þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er mat Sigurðar Líndal lagaprófessors.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræddi um nýja Icesave-samninginn við Egil Helgason, þáttastjórnanda Silfurs Egils, í gær. Ólafur sagði samninginn gjörólíkan þeim sem hann vísaði til þjóðarinnar á sínum tíma. Þá hafi sú atkvæðagreiðsla öðru fremur



SIGURÐUR LÍNDAL

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

styrkt samningsstöðu Íslands. Hann vildi ekki segja til um hvort hann teldi þjóðaratkvæðagreiðsluna verða endurtekna.

„Kjarni málsins er sá hvort Alþingi á hverjum tíma tekst að sannfæra þorra þjóðarinnar um það að ákvörðun Alþingis sé rétt. Ef Alþingi tekst það, þá kemur varla til álita að forsetinn vísi málinu [til þjóðarinnar], hvað sem forminu líður. Þetta er spurning um það hvort þorri þjóðarinnar styður þá ákvörðun,“ sagði hann.

Sigurður bendir á fleiri þætti sem gætu kallað á að þjóðaratkvæðagreiðslu. „Ef það yrði til fjöldahreyfing gegn samningnum væri ekki óeðlilegt að forsetinn legðist undir feld,“ segir hann. - job

Ákærður fyrir fjölda brota:

## Stal öllu sem hönd á festi

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir fjölmarga þjófnaði, gripdeildir og fjárvik.

Einkum stal maðurinn úr matvörubúðum. Má þar nefna grillkjöt, lax og DVD-myndir, kjúkl-ingabringur og aðra matvöru. Þá stal hann 20 þúsundum hjá fyrirtækinu Dominos og Nokia-farsíma úr leigubíli, auk þess sem hann sveik annan leigubílstjóra um greiðslu á fargjaldi. Þá greip hann með sér gullúr, að verðmæti 32.800, í verslun úrsmíðs. - jss



CHRIS LEE Mál þróuðust hratt eftir að tölvupóstur með mynd fór á netið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmaður segir af sér:

## Sendi konu mynd af sér

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríski fulltrúadeildarþingmaðurinn Chris Lee sagði skyndilega af sér síðastliðinn fimmtudag. Daginn áður birti slúðurvefurinn Gawker tölvupóst sem hann sendi til konu með mynd af sjálfum sér berum að ofan.

Konunni hafði hann kynnst á samskiptavefnum Craigslist þar sem hún hafði auglýst eftir kynnum við karlmann.

Lee sendi frá sér stutta yfirlýsingu þar sem hann bað fjölskyldu sína og kjósendur afsökunar á mistökum sínum, án þess þó að viðurkenna hvort eitthvað væri hæft í umfjöllun slúðurvefsins. - gb

Bakfærði í peningakassa:

## Dró sér fé úr Hraðkaupum

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karl hefur verið ákærður fyrir að draga sér fé í verslun 10-11, Hraðkaupum í Leifsstöð, þegar hann var þar starfandi.

Honum er gefið að sök að hafa á tímabilinu 25. nóvember 2007 til 8. janúar 2008 dregið sér samtals 155.500 krónur með bakfærslum í búðarkassa verslunarinnar undir því yfirskeyni að verið væri að skila símakortum.

Fyrirtækið gerir kröfu um að manninum verði gert að greiða ríflega 107 þúsund krónur í skaðabætur. - jss

# Þörf á varanlegri lausnum

Formaður menntaráðs segir knýjandi þörf reka á eftir endurskipulagningu í skólamálu Reykjavíkurborgar. Var viðbúin andstöðu en þó sé skilningur á nauðsyn hagræðingaraðgerða. Vonast eftir sátt um málið.

### FRÉTTAVIÐTAL

Endurskipulagning í skólamálu Reykjavíkurborgar.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, hefur staðið í ströngu síðustu vikur og mánuði þar sem hugmyndir meirihlutans um endurskipulagningu í skóla- og frístundamálum borgarinnar hafa mætt nokkurri mótstöðu í hópi starfsfólks skólanna og foreldra skólabarna.

Meðal þess sem er gagnrýnt er upplýsingaflæði um þær hugmyndir sem eru í gangi, sem og hvernig megi standa vörð um að breytingarnar komi ekki niður á faglegu starfi.

### Mikil fjölgun á leikskólum

Oddný segist hafa búist við ákveðinni mótstöðu við hugmyndirnar, þar sem þær snerti nær alla borgarbúa að einhverju leyti. Hún sé þó á þeirri skoðun að samráð, jafnvægi umdeilt samráð, sé betra en að taka slíkar ákvarðanir á lokuðum fundum stjórnmalamanna. Svo verði líka að horfa á málið í stærra samhengi.

„Í haust mun börnun á leikskólaaldri fjölga um 400, sem jafngildir um fjórum stórum leikskólum, og það er meðal þess sem kallaði á endurskipulagningu.“

Oddný bætir því við að á sama tíma hafi nemendum á grunnskólaaldri fækkað um 1.500 á síðastliðnum sjö árum. Auk þess hafi þurft að brúa 4,5 milljarða bil í fjárhagsáætlun borgarinnar í ár og mæta tekjufalli frá hrúni upp á 20 prósent.

„Við sjáum fyrir okkur nýjar og mögulega óvæntar leiðir til að bregðast við þessu ástandi og koma til móts við þennan fjölda barna sem þarf að komast inn í leikskóla næsta haust.“

Eins segir Oddný að stefnt hafi verið að því að finna varanlegar lausnir því að ekki hefði gengið til langframa að skera niður við innra starf skólanna á ári hverju.

Að mati Oddnýjar er einn lykillinn að því að leysa þessi tvö vandamál að nýta betur húsnæði og skoða samrekstur.

„Við erum meðal annars að skoða samrekstur leik- og grunnskóla eða að útbúa leikskóla-deildir innan sumra grunnskóla. Svo erum við að skoða kosti þess að sameina unglingsdeildir nærliggjandi skóla í einn skóla, en þó munu yngri börn sem fyrir eru ekki færast á milli. Allar hugmyndir sem líta að þessu verða rökstuddar faglega og fjárhagslega.“



NYJAR LEIÐIR Oddný Sturludóttir segir að í ljósi fjölgunar barna á leikskólaaldri og fjárlagagats upp á 4,5 milljarða sé nauðsynlegt að endurskipuleggja skólakerfið í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Tækifæri í sameiningum leikskóla

Hvað varðar leikskólana segir Oddný að tækifæri til hagræðingar felist í að sameina rekstur nærliggjandi skóla.

„Sem stendur er enginn samrekstur milli leikskóla, þar sem eldhús eru til dæmis á hverjum stað. Hver skóli býr yfir starfsfólki með sérhæfða menntun, til dæmis í sérkennslu og listgreinum, en í dag er ekki möguleiki á að börn á öðrum leikskólum fái að njóta þeirra. Alls staðar er leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri þó að börnin séu sums staðar afar fá.“

Oddný bætir því við að þó að stjórnendum muni fækka á leikskólum sé tryggt að allir fái áfram starf hjá leikskólum borgarinnar í ljósi þess að börnun muni fjölga verulega. Hins vegar sé erfiðara að útiloka uppsagnir í grunnskólum.

„Jafnvel þó að við værum ekki að hagræða þyrfti mjög líklega að gera breytingu á því sviði vegna stöðugar nemendafækkunar í grunnskólunum. Það er sorglegt, en á móti kemur að við eigum laus störf fyrir fólk með kennslu- og

uppeldismenntun á leikskólum og við munum reyna að koma til móts við sem flesta.“

Oddný segir að ómetanlegt hafi verið að vinna að hugmyndunum með foreldrum og starfsfólki. Þrátt fyrir allt skynji hún í þeim hópum skilning á nauðsyn þess að fara út í skipulagsbreytingar.

„Mín tilfinning er sú að fólk sýni því skilning að breyta þurfi í skipulagi skóla- og frístundastarfs ef samhengi hlutanna er ljóst. Markmiðið er að endurskipuleggja til framtíðar þannig að við stöndum vörð um innra starf skóla og frístundaheimila.“

Nú líður senn að lokum endurskipulagningar, en hugmyndir verða lagðar fyrir borgarráð fyrir lok mánaðar. Oddný segist þess fullviss að endurskipulagningin muni skila bæði faglegum og fjárhagslegum ávinningi, og þeim 400 leikskóla-plássum sem þörf er á.

„Þetta eru stór skref sem bíða okkar, en ég held að þegar allt kemur til alls og fólk sér að við erum að nýta fjármuni betur muni það leiða til skilnings og vonandi sáttar.“ thorgils@frettabladid.is



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Súperform  
Herþjálfun  
Peak Pilates  
Lífstíll 20+

WorldClass  
ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA  
á worldclass.is og í síma 55 30000



Kostir þess að vera í Stofni

Nágrannavarsla

Vegaástoð

Afsláttur af tryggingum

Bílaígjubíll í 7 daga vegna kaskótjóns

Afsláttur af barnabístólum

# Nú ferðu ekki lengur með feita tékkann í bankann!

Innleystu endurgreiðsluávísunina á [sjova.is](https://sjova.is)

Ahoy!

Þessa dagana færð þú ásamt 18.830 öðrum tónlausum og skilvísnum **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

**SJÓVÁ**

STOFN

Vantar þig ástoð?  
Hringdu í 440 2000 ef þig vantar ástoð við að innleysa ávísunina



Kringlan



### Valentínusardagurinn er í dag!

Í Kringlunni færðu nuddoliur og blóm, súkkulaði og sælkeramat, ljóð, tónlist og miklu miklu meira sem gleður hjartað.

Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

Allir grunn- og framhaldsskólar fá stjörnuþjónuauka:

## Nemar spái í stjörnur

**SAMFÉLAGSMÁL** Allir grunn- og framhaldsskólar á Austurlandi fengu nýverið afhenta stjörnuþjónuauka að gjöf. Að verkefninu komu Stjarnvísindafélag Íslands, Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og landsnefnd um ár stjörnufræðinnar 2009.

Alcoa Fjarðaál styrkti verkefnið um 300 þúsund krónur en það miðar að því að allir grunn- og framhaldsskólar á Íslandi fá stjörnuþjónuauka að gjöf. Stjörnuaukinn ber heitið Galíleósjónaukinn, eftir ítalska vísindamanninum Galíleó Galílei.



**STJÖRNURNAR SKOÐAÐAR** Öll íslensk börn eiga að fá tækifæri til að sjá það sem Galíleó Galílei sá fyrir 400 árum.

MYND/KRISTBORG STEINDÓRSDÓTTIR



**LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM** Eitt til tvö mál sem varða ofbeldi gegn börnum rata inn á borð lögreglu á ári.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

## Fá brot gegn börnum fara til lögreglu

Árið 2006 lék í 189 málum grunur á að foreldri eða umsjónarmaður hefði beitt barn ofbeldi. Fimm enduðu hjá lögreglu, sem fær eitt til tvö slík mál á ári.

**SAMFÉLAGSMÁL** Árið 2006 bárust barnaverndaryfirvöldum 417 tilkynningar vegna gruns um ofbeldi gegn börnum. Af þeim voru 189 tilvik þar sem grunur lék á að ofbeldið væri af hendi foreldris eða annars umönnunaraðila. Um 156 börn er þar að ræða. Mál fimm þessara barna rötuðu inn á borð lögreglu. Kemur þetta fram í nýrri rannsókn Barnaverndarstofu (BVS).

Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá BVS, vann rannsóknina og segir hún alvarlegt ofbeldi gegn börnum hér á landi afar fátítt.

„Þó að tilkynningum hafi fjölgað í gegnum árin virðist tilvikum ekki hafa fjölgað,“ segir hún. „Það er afar fátítt að málin séu það alvarleg að þau rati inn á borð lögreglu.“

Barnaverndarnefndum um land allt bárust 634 tilkynningar frá heilbrigðisstofnunum um ofbeldi gegn börnum á síðasta ári. BVS fær tilkynningarnar áframsendrar en vinnur ekki með einstök mál, heldur eru þau á borði nefndanna.

Rannsóknin sem BVS hefur nýlega lokið við beinist einungis að árinu 2006 og einskorðast

5 af 198 málum um ofbeldi gegn börnum af höndum foreldra eða forráðamanna rötuðu á borð lögreglu.

niðurstöðurnar við það ár. „Við erum að skoða hvort það hafi orðin mikil breyting í tilvikum\* eftir tiltekinn tíma,“ segir Steinunn. „Það þarf að rannsaka tölurnar yfir ákveðið langt tímabil.“

Björgvin Björgvinsson aðstoðaryfirlöggluþjónn segir að jafnaði eitt til tvö mál á ári rata inn á borð lögreglu þar sem um ofbeldi gegn börnum sé að ræða. Hann segir ástæðurnar líklega vera þær að barnaverndaryfirvöld séu með hagsmunum barnsins í huga, það er að segja hvort það sé barninu fyrir bestu að draga foreldri eða annan því nákominn fyrir dóm. Í öðru lagi gæti ástæðan verið sú að brotin séu oft á tíðum ekki það alvarleg að þau séu refsiverð.

„Alvarlegustu málin koma þó inn á borð til okkar,“ segir Björgvin. „En þau eru oft mjög erfið viðfangs, þótt þau séu fá.“

sunna@frettabladid.is

### Lærbraut fjögurra vikna son sinn

Kona var dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur í júlí á síðasta ári fyrir líkamsárás gegn fjögurra vikna gömlum syni sínum. Konan kom með drenginn á Barnaspítala Hringins í nóvember árið 2009, þar sem í ljós kom að hann var lærbrotinn. Konan sagði þá að drengurinn hefði dottið fram af skiptiborði og hún náð að grípa í læri hans með þeim afleiðingum að hann beinbrotnaði. Nánari athugun leiddi í ljós að slíkt væri afar ólíklegt og einnig var framburður konunnar talinn ótrúverðugur. Einnig fundust eldri áverkar á vinstri handlegg drengsins.

Barnavernd Reykjavíkur hafði áður borist tilkynning frá spítalanum vegna óútskýrðra brota á handleggjum eins árs gamallar dóttur konunnar. Engar viðeigandi skýringar höfðu fengist fyrir því máli.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að konan hafði þurft að stríða við mjög mikla og langvarandi erfiðleika í æsku. Þá hafi hún mælst með talsverðan misþroska og greindarskerðingu. Ákærðu var gert að greiða drengnum 300 þúsund krónur í miskabætur og 928.190 krónur í sakarkostnað. Hún var dæmd í þriggja mánaða fangelsi, þar sem fullnustu var frestað og fellur sú refsing niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins.

## Auglýst eftir listaframboðum til trúnaðarráðs VR

Kjörstjórn VR auglýsir eftir listaframboðum vegna kosningar 82 fulltrúa í trúnaðarráð félagsins skv. 20. gr. laga VR.

Auglýst er eftir mótframboðum við lista uppstillinganefndar VR, lista 82 fulltrúa sem skiptist í 40 fulltrúa til setu í eitt ár og 40 fulltrúa til setu í tvö ár, auk fulltrúa frá deild VR í Vestmannaeyjum og deild VR á Austurlandi. Framboðslista með nöfnum frambjóðenda skal skilað á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi, mánudaginn 28. febrúar 2011.

Skriflegt samþykki frambjóðenda skal liggja fyrir þegar listi er fram borinn. Til að listi sem borinn er fram gegn lista uppstillinganefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna. Berist mótframboð við lista uppstillinganefndar skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla í félaginu.

Nánari upplýsingar eru á vef VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Þá má fá frekari upplýsingar hjá kjörstjórn með því að hringja í síma VR 510 1700 eða senda tölvupóst á [kjorstjorn@vr.is](mailto:kjorstjorn@vr.is).

11. febrúar 2011  
Kjörstjórn VR

Virðing  
Réttlæti

VR



Heilbrigðisstofnun Þingeyinga:

## Ráðuneyti skortir yfirsýn

**HEILBRIGÐISMÁL** Tíð ráðherra-skipti og stefnubreytingar valda því að innsæi og yfirsýn skortir varðandi þjónustu heilbrigðis-stofnana á landsbyggðinni. Þetta kemur fram í yfirlýsingu starfsmanna Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Starfsmennirnir harma áætlaðan niðurskurð á stofnuninni og krefjast þess að hætt verði við hann. Niðurskurður síðustu ára hafi valdið skerðingu á grunnþjónustu og frekari niðurskurður gæti ógnað öryggi fúa. - þeb



**VIÐURKENNING** Árni Páll Árnason veitti Rannveigu Rist, forstjóra Alcan á Íslandi, viðurkenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Afhenda verðlaun Creditinfo: Fyrirtæki sem skara fram úr

**VIÐSKIPTI** Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, afhenti fyrir helgi fjórum fyrirtækjum viðurkenningu frá Creditinfo til staðfestingar því að þau skari fram úr. Fyrirtækin eru Alcan á Íslandi, CCP, Össur og Stálskip.

Á vef Creditinfo kemur fram að alls standist 177 fyrirtæki af þeim rúmlega 32 þúsund sem skráð eru í hlutafélagaskrá skilyrði sem fyrirtækið setji til að teljast framúrskarandi.

Fyrirtækin þurftu að sýna fram á jákvæðan rekstrarhagnað og ársniðurstöðu, eignir yfir 100 milljónum og eiginfjárlutfall yfir 25 prósentum. - bj

Áréttar yfirlýsingu sína:

## Bann við útiræktun óþarft

**UMHVERFISMÁL** Eiríkur Steingrímsson, talsmaður vísindamanna 37 sem gagnrýndu þingsályktunar-tillögu um bann við útiræktun á erfðabreyttum lífverum harðlega í bréfi til Alþingis í gær, áréttar að honum hafi mismælst í samtali við Fréttablaðið á föstudag.

Eiríkur sagði að hópurinn teldi óþarft að banna erfðabreyttar lífverur. Þar átti hann við bann á útiræktun erfðabreyttra lífvera.

Ólína Þorvarðardóttir, einn flutningsmanna tillögunnar, skrifadi á Eyjuna.is að Eiríkur hefði ekki haldið sig við efnisinntak málsins og vísaði til ummæla hans í blaðinu. - sv

# Opnir fundir með nýjum stjórnendum Landsbankans

**Reykjanesbær Duushús**  
Mánudagur 14. febrúar kl. 20.00

**Reykjavík Grand Hótel**  
Þriðjudagur 15. febrúar kl. 17.00

**Höfn í Hornafirði Nýheimar**  
Fimmtudagur 17. febrúar kl. 20.00

Skráning á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)  
og í 410 4000 – allir velkomnir!



Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, á opnum fundi á Akureyri 3. febrúar.

**Nýir stjórnendur** kynna nýja stefnu bankans og framtíðarsýn, breytingar sem orðið hafa og aðgerðalista næstu mánaða. Við viljum hlusta eftir skoðunum og viðbrögðum ykkar, eigenda bankans, til að efla bankann enn frekar. **Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.**

Landsbankinn [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is) 410 4000



## Nýjung í söfnum Reykjavíkurborgar

Menningarkort Reykjavíkur er bráðsnjöll nýjung í söfnum Reykjavíkurborgar. Menningarkortið veitir aðgang í heilt ár að fimm söfnum og auk þess ýmis fríðindi í verslunum og á veitingastöðum safnanna. Hægt er að velja milli þriggja ólíkra korta, allt eftir áhugasviði hvers og eins.

Nýttu þér kynningarafslátt í febrúar, en þá fást tvö Menningarkort á verði eins.



Öll söfnin  
Verð: 5.000 kr.



Listasafn Reykjavíkur  
Verð: 3.000 kr.



Mirjasafn Reykjavíkur  
Verð: 3.000 kr.

Nánar á [menningarkort.is](http://menningarkort.is).

Menningarkortin má kaupa á öllum söfnum og jafnframt á [midi.is](http://midi.is)

21  
FYRIR  
allan  
febrúar



Menningarkort  
Reykjavíkur

– listilega einfalt



Ábyrgð atvinnurekenda skýrð í dómi:

## Meðvirkninni verður að linna

**B**irtingarmyndir ofbeldis eru margháttaðar. Ofbeldið getur verið líkamlegt og andlegt, sýnilegt og dulið, maður á mann eða margir gegn einum. Alltaf er þó um valdbeitingu að ræða, þ.e. að einn eða fleiri beita ofbeldi í skjóli valds; valds sem er til komið vegna stöðumunar eða aflsmunar.

Ein birtingarmynd ofbeldis er kynferðisleg áreitni. Í vikunni sem leið var fyrirtæki dæmt í Héraðsdómi Reykjaness til að greiða konu skaðabætur vegna kynferðislegrar áreitni sem hún hafði orðið fyrir af hálfu yfirmanns síns. Í framhaldinu, eftir að konan

### SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



hafði kvartað undan framferði karlsins, rýrnaði starf og ábyrgð konunnar sem ofbeldinu hafði sætt. Karlinn sem ofbeldinu hafði beitt fékk reyndar áminningu en sat aftur á móti sem fyrr í sínu starfi.

Viðbrögð forsvarsmanna fyrirtækisins sem dæmt var eru

lýsandi fyrir það hvernig lenska hefur verið að bregðast við hvers konar einelti í gegnum tíðina. Í skólum var til dæmis algengast að þolandi eineltis væri fluttur til um bekk eða jafnvel skóla meðan gerandinn var um kyrrt í óbreyttum aðstæðum, fékk í besta falli tiltal. Kerfið studdi þannig hegðun gerandans en sendi þolandanum þau skilaboð að hann hefði gert mistök, rétt eins og gerðist í máli karlsins og konunnar sem Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í. Hin óbeinu skilaboð sem konan fékk voru að henni hefði orðið á og gæti þess vegna ekki sinnt því starfi sem hún hefði verið ráðin til. Karlinn aftur á móti fékk þau skilaboð að vissulega hefði honum orðið á en að það breytti engu um starf hans.

Flestir grunnskólar á landinu og ýmsir framhaldsskólar hafa sett sér eineltisáætlun sem vinna skal eftir. Markmið slíkra áætlana er einmitt að koma í veg fyrir að niðurstæða ofbeldis- og eineltismála verði með þeim hætti að gerandinn standi með pálmann í höndunum meðan þolandinn gjaldi enn frekar en orðið er fyrir ofbeldið þannig að högum hans sé raskað.

Árið 2004 tók gildi reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum. Í þeirri reglugerð er kynferðisleg áreitni meðal þess sem er flokkað undir einelti. Reglugerðin kveður þó ekki afdráttarlaust á um að réttur þolanda skuli varinn heldur segir þar: „Atvinnurekandi skal grípa til viðeigandi ráðstafana og fylgja því eftir að einelti endurtaki sig ekki á vinnustaðnum.“ Því er fordæmið sem gefið er í dómi Héraðsdóms Reykjaness svo mikilvægt.

Starfsmaður sem verður fyrir ofbeldi á vinnustað, hvort heldur kynferðislegri áreitni eða annars konar ofbeldi, verður að geta treyst því að forráðamenn vinnustaðar hans vinni með honum en ekki gegn. Meðvirkni með geranda í slíkum málum á að heyrna sögunni til.

Konan sem fékk dæmdar bætur í vikunni sem leið á skilinn mikinn heiður. Það er ekkert gamanmál að standa í málaferlum sem þessum við atvinnurekendur sína en það er meðal annars vegna hugrekksis fólks eins og þessarar konu sem breytingar verða til bóta í samfélaginu.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Gigtarfélagið verður með fræðslufund fyrir foreldra barna með gigt þriðjudaginn 15. febrúar kl. 19.30, fundurinn verður í húsnæði Gigtarfélags Íslands að Ármúla 5, á annarri hæð.

Andrés Ragnarson sálfræðingur verður með fyrirlestur um líðan foreldra: „Að eiga/annast langveikt barn“.

Foreldrar og aðrir aðstandendur barna með gigt eru velkomnir á fyrirlesturinn.

Gigtarfélagið

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Styttri leiðin

Mikill styr hefur staðið um fyrirhugaðar breytingar í skólakerfi Reykjavíkurborgar síðustu vikur þar sem sameiningaráform hafa vakið upp óvissuástand sem ekki sér enn fyrir endann á.

Meðal þess sem bitist er um er mögulegur faglegur ávinningur af sameiningum og bera forsvarsmenn meirihlutans fyrir sig að rannsóknir sýni að sameiningar þurfi ekki að hafa neikvæð áhrif á nemendur eða foreldra.

Þegar spurt var út í téðar rannsóknir, á fundi með fagaðilum, reyndust þær vera könnun vegna mastersritgerðar Óskars Sandholts, verkefnis-

stjóra starfshóps borgarinnar um fyrirhugaðar sameiningar.

Þar er vatnið sannarlega ekki sótt yfir lækinn.

#### Mexíkó er engin fyrirmynd

Egill Helgason fiskaði eftir því í samtali sínu við Ólaf Ragnar Grímsson forseta í Silfri Egils í RÚV í gær hvort hann ætlaði að bjóða sig fram til forseta að nýju og sitja í embætti í fimm kjörtímabil. Ólafur svaraði því til að frá akademísku sjónarhorni væri það ekki réttlætlegt nema við einhverjar sérstakar aðstæður.

„Lýðræðið grundvallast á því að fólk kjósi sér fulltrúa. Að setja þröngar skorður hvað tímamörk snertir er ég ekki viss um að sé mjög farsælt,“ svaraði Ólafur og benti á að þröngar skorður við setu embættismanna og ráðherra væru í Mexíkó. Stjórnkerfið þar væri hins vegar ekki til fyrirmyndar. „Ef þú ætlar að fiska eftir því hvað ég ætla að gera þá er heiðarlega og einlæga svarið við því að á öllum undanförunum kjörtímabilum hef ég ekkert velt því máli fyrir mér fyrr en að því kemur,“ sagði hann.

jonab@frettabladid.is  
thorgils@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Smákóngar

### Jafnrétti



Sigurður Pálsson  
rithöfundur

Hvernig á að skýra ýmislegt kynja- og mismisrétti, til dæmis augljóst óréttlæti eins og launamun eða fákvenni í stjórnnum fyrirtækja? Það verður ekki bara útskýrt með vöndum og óréttlætum einstaklingum. Skýringin liggur í eittraðri blöndu hefða, kerfis, valdabróts, hagsmunaráreksstra, sem skapar hugarfar sem leiðir til þessa ástands og ástandið skapar svo hugarfarið...

Mér finnst reyndar yfirleitt miklu trúverðugra þegar konur fjalla um jafnréttisbaráttu, altsó frá sjónarhóli kvenna. Reynsluheimi eins og sagt er. En eigum við alltaf að þegja, karlpeningurinn? Ég held ekki.

Ég tek til máls af því að kvennabaráttan kemur öllum við, hún er reyndar öllum til góðs þegar upp er staðið. Til dæmis listamönnum og öllum sem starfa í skapandi greinum, undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Hér á landi hefur það fólk í gegnum tíðina alltaf fundið fyrir svipuðu niðurlægjandi viðhorfi og konur. Listamenn og fólk í skapandi greinum hefur alltaf orðið fyrir barðinu á hinni stórkarlagu orðræðu; orðræðu hins eilífa hreppstjóra og annarra smákónga, sjómannsins gegn landkrabbanum, stjóra gegn undirsáta, karls gegn konu, þessi árársarhneigða

orðræða beinist gegn skapandi greinum, gegn listum, gegn menningu og menntun, gegn mennsku samfélagsins.

Kjarninn í þessari þjósnalegu orðræðu birtist til dæmis í heimskulegustu yrðingu allra tíma á íslensku: „Bókvitidi verður ekki í askana látið.“ Hugarfarið sem að baki býr er í gagnvirku sambandi við orðræðuna, orðræðan býr til hugarfar, sem býr til orðræðu og þannig áfram að infinitum, til eilífðarnóns. Eða hvað? Nei, sem betur fer ekki. Uppreisnir eru gerðar gegn þessum viðbjóði, ein mikilvægasta uppreisnin á gervallri síðustu öld var kvennabaráttan.

Tregðan til að hafa konur með er stórhættuleg. Það kemur í veg fyrir framþróun. Beinlínis. Þeim mun meiri völd og peningur sem eru í húfi, þeim mun meiri fælmi að hafa konur með. Yfirlætisfullir drengir vilja vera áfram í friði í mögúla-leik með völd og fjármagn. Lítum til dæmis á fjármálaheiminn. Hvað hrundi? Það var númer eitt þetta geðbilaða jafnvægisleysi sem olli hruninu, það sem gerði útslagið var fákvennið, skorturinn á kvenlegri nálgun sem er forsenda jafnvægis.

Og jafnvægi kynjanna er forsenda jafnréttis kynjanna.



# Lestin brunar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Vinstri hægri? Meðal þess sem fundið hefur verið upp á í þráhyggju-einelti amxista-arms Sjálfstæðisflokksins á hendur sjónvarpsmanninum Agli Helgasoni er skrá sem maður að nafni Vignir Már Lýðsson hefur búið til um viðmælendur í Silfrinu með heimatilbúinni skiptingu í vinstri og hægri. Þar eru víst tómir vinstri menn. Eins og til dæmis Gunnar Smári Egilsson – sem kann að virðast undarlegt því að hann er sennilega síðasti einlægi markaðshyggjumaður landsins – en sínum augum lítur hver á silfrið, og vinstri menn skulu þeir heita sem Hannesi er uppsígað við. Hefur svo hver nokkuð að iðja.

Hægri vinstri? Amx eða Marx? Allt sama tóbakið? Stundum hvarflar að manni að kannski skipti ekki máli hvort maður kys. Sérstaklega eftir óvenju afdráttarlaus heimskupör vinstri manna á borð við þau í Kópavogi að reka Jónas Ingimundarson eftir áralangt farsælt starf við að setja sálina í Salinn og Kópavog að heimabæ tónlistarinnar; mann setur hljóðan andspænis slíkum gjörningi sem hefur til allrar hamingju verið dreginn til baka með afsökunarbeiðni.

Eins og sést...

Af virðist sú tíð að Sjálfstæðis-

flokkurinn standi fyrir þá nauðhyggjulegu markaðstrú sem réð ríkjum í flokknum allar götur frá því að Gunnar Thoroddsen laut í lægra haldi með sínar hófstíllu og evrópsku hugmyndir um „frelsi með skipulagi“ og Eimreiðarhópurinn komst til valda í flokknum – og landinu. Sú valdatíð varð okkur dýrkeypt þótt glatt hafi verið á hjalla hjá pallbláþjóð um hríð; Eimreiðarhópurinn var vakinn og sofinn í því að finna hugmyndafræðilegar og trúarlegar réttlætningar fyrir því að ranglætið sé rétt, ójöfnuðurinn borgi sig, jafnréttishugmyndir séu „pólítísk rétthugsun“, gott sé að vera gírugur, því færri hendur sem auðurinn safnist á þeim mun betur sé farið með hann og „fé án hirðis“ sé óhugsandi – „sofandi“ fjármagn skuli vakið og „dautt“ fjármagn lífgað, það er að segja, búnir til peningar úr væntingum, vild, lofti – engu...

Þessi öfl eru sem sé ekki lengur allsráðandi í þjóðfélags-umræðunni, sem sést meðal annars á því að nú er Egill Helgason hættur að kalla á hofpresta frjálshyggjunnar til að skýra öll mál út frá hugsjónum Eimreiðarhópsins um gildi mis-skiptingarinnar. Egill er næmur á veðrabrigði hugmyndanna, sem gerir hann einmitt góðan sjónvarpsmann, og þáttur hans endurspeglar vel þær hugmyndir sem á kreiki eru í samfélaginu hverju sinni.

Hannes Hólmsteinn Gissurason verður nú að una því að vera ekki lengur helsti sérfræðingur landsmanna í loftslagsmálum, bókmenntum, sagnfræði,



Það er eins og ekki sé neitt vinstri og hægri, bara stjórn og stjórnarandstaða. Bara fastmótuð hlutverk.

hagfræði og yfirleitt lífinu og tilverunni. Það er eflaust sárt. Eins og sést.

Vanmetum samt ekki valdið

Vinstri? Hægri? Það er nú það. Vinstri flokkarnir strita við að koma viti í kapitalismann eftir áralanga óráðsú hægri flokkanna; skera niður ríkisútgjöld eftir að hægri menn hafa staðið fyrir stórkostlegri aukningu þeirra. Hægri menn í stjórnarandstöðu gagnrýna áform um niðurskurð á félagslegri þjónustu og benda réttilega á að varlega verði að fara í að leggja niður skóla. Svona er þetta stundum skrýtið: Það er eins og ekki sé neitt vinstri og hægri, bara stjórn og stjórnarandstaða. Bara fastmótuð hlutverk, fyrirfram skilgreind viðhorf, brautir sem fólk er stýrt eftir af ósýnilegum öflum. Engu skipti hvort borgarstjórnir sé Jón Gnarr, Hanna Birna, Dagur eða Andrés Önd.

Vanmetum samt ekki valdið. Eimreiðarhópurinn kann að virðast í sárum – hugmyndirnar almennt aðhlátursegfi, dyggur félagi á leið fyrir rétt fyrir það eitt að passa vel upp á peningana sína, góðæri markaðshyggjunnar blekking ein, Laissez-faire-stefnan afhjúpuð sem allsherjar aftenging á þjófavörn í bönkum landsins og sjálfur æðsti-

presturinn Jónas Haralz orðinn sekur um alls kyns villutrú. En valdastéttin er á sínum stað. Lestin brunar. Allt er pólitík. Alls staðar er tekist á um hagsmuni, aðgang að gæðum og yfirráð – völd. Svandís Svavarsdóttir var spurð með þjósti í sjónvarpsfréttum hvort hún hefði verið í pólitík þegar hún reyndi að varna því að Landsvirkjun gæti borið fé á lítið samfélag í því skyni að fá heimamenn til að fallast á virkjanaf framkvæmdir í Þjórsá og eyðileggingu á Urriðafossi, vatnsmesta fossi landsins. Að sjálfsögðu var hún það, enda er hún umhverfisráðherra og kjörin til þess að gæta hagsmuna náttúrunnar. Það er beinlínis starf hennar að passa Urriðafoss – og passa Þjórsárver en ekkert hefur valdastéttin á Íslandi þráð heitar í yfir 40 ár en að eyðileggja þá einstæðu gróðurvin til að framleiða ál. En Hæstiréttur kvað sem sé upp þann dóm að þessar féggjafir í því skyni að liðka fyrir framkvæmdum stæðust lög. Og hann er líka í pólitík. Rétt eins og hann var þegar hann ógilti kosningar til Stjórnlagabings með rökum sem virðast æ veigaminni með hverjum deginum sem líður. Allt er pólitík; og í fararbroddi stjórnarandstöðunnar virðist sjálfur Hæstiréttur landsins. Lestin brunar.

AF NETINU

Stjórnarskrá fólksins

En, náðarsamlegast: það er bara ekki þannig að lögfræðingar séu best til þess fallnir að semja stjórnarskrá. Sú ágæta stétt á vissulega að koma að verkefninu með sérfræðiráðgjöf og vera stjórnlagabingi innan handar í starfi. En stjórnarskráin er fólksins. Hana á að vinna í umboði þjóðarinnar og endurspegla þverskurð hennar, skoðanir, óskir, vonir og þrár um betra samfélag. Það er ekki galin hugmynd, heldur þvert á móti birting lýðræðisins í sinni tæru og réttu mynd.

vthorsteinsson.blog.is

Vilhjálmur Þorsteinsson

Upp úr skotgröfunum?

Forseti Íslands hvatti þjóðina til að sameinast um framtíðarverkefni og hætta smáskærum. Í Silfri Egils sagðist Ólafur Ragnar nánast tilbúinn að leiða þjóðina undir sameiningarmerkjum til endurreisnar. Atburðarásin gæti orðið eftirfarandi.

Þjóðin sameinast um að krefjast þjóðaratkvæðis um Icesave. Forsetinn hlustar á þjóðina og synjar lögunum staðfestingu. Þegar þjóðin hafnar Icesave falla forystumenn þriggja flokka; Samfylkingar, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins.

Í framhaldi verður boðað til þingkosninga. Ólafur Ragnar tekur að sér að leiða endurreisnar-flokkinn sem byggir á þjóðlegri íhaldssemi og traustum gildum ábyrgra ríkisfjármála og borgaralegri velferð þar sem stétt stendur með stétt.

Byrjum á því að krefjast þjóðaratkvæðis um Icesave.

pallvil.blog.is

Páll Vilhjálmsson

## Verjum tónlistarskólana

Tónlistarnám

Ágúst Einarsson  
prófessor, fyrrverandi rektor og fyrrverandi alþingismaður



Skelfileg tíðindi berast frá Sveitarfélögum, einkum Reykjavík, um niðurskurð á framlagi til tónlistarskóla. Tónlistarskólar hafa búið við skert framlög eins og aðrir eftir hrun en nú skal enn skorið niður. Þetta má ekki gerast. Það vita ekki allir að tónlistin skapar geysimikil verðmæti í okkar samfélagi og er hornsteinninn hins blómlega menningarstarfs sem er allt í kringum okkur. Tónlistin veitir ánægju en býr til verðmæti í meiri mæli en margar aðrar atvinnugreinar.

Ein helsta ástæðan fyrir því er hið öfluga starf tónlistarskóla er að form þeirra með blöndu af opinberum framlögum og einkaskólum hefur reynst ákaflega farsælt. Ef vegið er að rötum þessa starfs þá er það eins og að höggva stórt tré. Það tré græyr ekki aftur og það tekur það langan tíma að ná sömu stærð á ný.

Í árdaga menningar okkar, á fyrstu öldum íslensks samfélags, hélt tungumálið og Íslendingasögurnar fólkinu og menningunni saman og almenningur lifði í þeim sögum. Seinna var það margvíslegur kveðskapur, hvort sem voru trúarkvæði eða rímur, en á þessari og síðustu öld voru það skáldverkin og tónlistin sem umluku líf almennings. Sögur og tónlist eru menning allra, ekki hinna fáu.

Það eru fulltrúar almennings, stjórnálamenn, sem taka þessar ákvarðanir og þeir eru ekki fulltrúar sjálfs síns heldur fólksins í landinu. Það er menningarstarf sem gerir það vert að lifa í þessu samfélagi okkar og hornsteinn þess er tónlistin. Hætta á við frekari niðurskurð í tónlistarnámi.

# 1 KR

## 1 króna fyrir barnið

aðra leiðina + 990 kr. 14.–28. febrúar 2011

(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)
- ferðatímabil 14.–28. febrúar 2011

www.flugfelag.is | 570 3030





**71** **JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR** rithöfundur er 71 árs. „Heimstýrjöldin, fullveldi Íslands og Kötlugosið mörkuðu meiri þáttaskil í lífi fólks en sjónvarpið og tölvan.“

## Merkisatburðir

- 1130** Innósentíus II. verður páfi.
- 1876** Alexander Graham Bell sækir um einkaleyfi á símann, það gerði Elisha Gray líka.
- 1942** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) er stofnað.
- 1945** Sýning er opnuð á málverkum Jóhannesar Kjarvals í Listamannaskálanum í Reykjavík.
- 1989** Ruhollah Khomeini, leiðtogi Írans, hvetur múslima til að drepa Salman Rushdie fyrir skrif hans í bókinni Söngvar Satans.
- 1989** Hið fyrsta af 24 gervitunglum í GPS-kerfinu sett á braut um jörðu.
- 2005** Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, er myrtur.

## STAÐGÖNGUMÆÐRUN: MÁLÞING Í SAFNAÐARHEIMILI NESKIRKJU Í DAG

# Felur í sér að farið sé með manneskju eins og tæki

Í ljósi umræðu síðustu vikna um hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun á Íslandi gengst Þjóðmálanefnd kirkjunnar fyrir stuttu málþingi um álitamál tengd staðgöngumæðrun þar sem fjallað verður um málefnið á nótum siðfræði, mannréttinda og samtals. Málþingið verður haldið í Safnaðarheimili Neskirkju í dag milli klukkan 12 og 13.

Meðal frummælenda er dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent við HÍ, en hún nálgast efnið út frá mannhelgi og mangildi. „Ég ætla að beita siðfræði Immanuels Kant sérstaklega, en þessi hugtök eru oft tengd við hann,“ segir Sólveig Anna. „Þetta fjallar um það hvað það er í raun að vera manneskja og hvernig má koma fram við manneskjur án þess að maður sé farinn að brjóta á þeim. Það sem ég ætla að tala um er að í þessari þingsályktunartillögu tel ég að ekki sé staðinn nægjanlegur vörður um réttindi staðgöngumóðurinnar. Mér finnst fyrst og fremst gengið út frá þörfum og löngunum parsins sem þráir barn. Mér finnst horft framhjá því að sú sem gengur með barnið sé líka persóna sem geti til dæmis tengst barninu á meðgöngunni. Barnalögin frá 2002 eru tekin úr sambandi þarna þannig að hún er ekki móðir að lögum og ég vil meina að samkvæmt þessari tillögu eigi að leyfa það að fara með manneskju sem tæki. Jafnvel þótt hún hafi samþykkt ferlið er henni ekki gefinn réttur til að snúast hugar.“

Sólveig Anna er þekkt fyrir að hafa femínískan vinkel á guðfræðina. Finnst henni þetta mál að einhverju leyti snúast um femínisma? „Já, mér finnst það,“ segir Sólveig Anna. „Femínistar hafa lengi barist fyrir sjálfræði kvenna og það hefur verið litið þannig á að fóstrið



**MANGILDI OG MANNHELGI** Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent við HÍ, flytur í dag fyrirlestur um staðgöngumæðrun og veltir fyrir sér mannréttindum staðgöngumóðurinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

sé hluti af líkama móðurinnar, sem voru rökin fyrir því að leyfa fóstureyðingar. Þarna finnst mér farið að ráðskast með líkama kvenna á annan hátt þegar verið er að taka af henni það sjálfræði að hún geti ákveðið að halda barninu, ef henni snýst hugar.“

Auk Sólveigar Önnu verða frummælendur þau sr. Baldur Kristjánsson, formaður Þjóðmálanefndar, sem mun fjalla

um staðgöngumæðrun í ljósi mannréttinda, og Irma Sjöfn Óskarsdóttir, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, sem ræðir um fjöllum nágrannakirknanna um staðgöngumæðrun.

Að loknum framsögum verða almennar umræður. Aðgangseyrir er enginn en hægt verður að kaupa súpu á Kaffitorgi Neskirkju gegn vægu gjaldi.

fridrikab@frettabladid.is



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Marta Sveinsdóttir**

áður Hjallabraut 33 Hafnarfirði,

lést á Sólvangi 9. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

Gísli Wíum  
Hildur Wíum  
Pór Wíum  
Sveinn Wíum  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kolbrún Aradóttir  
Sævar B. Sigfússon  
Hjördís Hermannsdóttir



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sólborg Kristín Jónsdóttir**

Furugerði 1,

verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

Jónína Margrét Guðmundsdóttir  
Valgeir Ó. Guðmundsson  
María Guðmundsdóttir  
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Björgvin H. Kristinsson  
Jóhanna L. Gísladóttir



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, vinur og félagi*

**Elsa Ásbergdóttir**

frá Ísafirði, Stríkinu 4, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 10. febrúar s.l. Jarðarförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 15. febrúar kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Elisabet Kristín Einarisdóttir

Margrét Þóra Amin Einarisdóttir Örn Árnason Amin  
Ásberg M. Einarsson Steinunn Ásg. Frimannsdóttir



*Faðir okkar, afi og vinur*

**Bragi Garðarsson**

prentari,

sem lést fimmtudaginn 3. febrúar á hjúkrunarheimilinu Mörkinni, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju á morgun, þriðjudaginn 15. febrúar, kl. 13.00.

Garðar Þór Bragason  
Baldur Magni Bragason  
Kristinn Bragi Garðarsson  
Auður Björg Baldursdóttir  
Alex Snær Baldursson  
Vilborg Guðjónsdóttir



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Erla Guðrún Ísleifsdóttir**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 6. febrúar. Útförin verður frá Fossvogskirkju, mánudaginn 14. febrúar, n.k. kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á FAAS, Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

Arnfríður Ólafsdóttir  
Ísleifur Ólafsson  
Sigríður Ólafsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn

Pórður Sverrisson  
Erna Kristjánsdóttir  
Þorkell Sigurðsson



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Kolbrún**

**Friðfinnsdóttir**

Hlíðarbyggð 5, Garðabæ,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 15. febrúar kl. 11.00. Þeir sem vilja minnst hennar vinsamlegast látið líknarfélög njóta þess.

Sigurður Ingibergsson  
Ingibergur Sigurðsson  
Friðfinnur Ragnar Sigurðsson  
Marcela Munoz  
Margrét Guðvarðardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir og stjúpmóðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Kristjana S.**

**Kristjánsdóttir**

áður til heimilis að Furugerði 17,

lést á Dvalarheimilinu Litlu Grund fimmtudaginn 10. febrúar.

Einar Kristján Þorleifsson  
María Þorleifsdóttir  
Björg Þorleifsdóttir  
Olga Bergljót Þorleifsdóttir  
Örn Þorleifsson  
Rosemarie B. Þorleifsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn

Liu Bao Mei  
Hafsteinn Mátsson  
Ólafur Karl Nielsen  
Gunnar Örn Gunnarsson  
Laufey Ólafsdóttir  
Sigfús Guðmundsson



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAÍK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

## LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á [www.shelgason.is](http://www.shelgason.is)



**S:HELGASON**

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | [www.shelgason.is](http://www.shelgason.is)





**Kettir** eru taldir hafa deilt kjörum með þjóðinni allt frá landnámi, samkvæmt rannsóknum. Menn sáu líklega snemma að kettirnir gögnuðust til að halda músum í skefjum og af þeim sökum er álitíð að landnámsmenn hafi meðal annars flutt þá til Íslands.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**GEZE**

**Fyrirtæki - Húsfélög**

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



**JARN&GLER** Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarnogler.is

Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir réðst í framkvæmdir heima hjá sér í haust.



## Kjallarinn orðinn kósí

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Ég tók kjallarann hjá mér í gegn," segir Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir, þegar Fréttablaðið forvitnast um nýjustu framkvæmdirnar á heimilinu. Synir Guðlaugar voru áður með herbergi í kjallaranum. Þegar þeir fluttu sig annað tók Guðlaug til óspilltra málanna og breytti kjallaranum í litla íbúð.

„Ég byrjaði í september og framkvæmdum lauk fyrir júl. Hér niðri var hvorki bað né eldhús og ég setti upp hvort tveggja. Eitthvað af húsgögnum átti ég til en keypti líka notuð húsgögn í Góða hirðinum og víðar til að fá svolítið retró útlit.“

Sófinn er nýr og hann prýða púðar eftir Guðlaugu. „Ég er

alltaf að búa til púða og gardínur og er á leiðinni með að setja upp nýja heimasíðu fyrir Má mí mó. Svo hengdi ég upp gamlar útsaumsmyndir sem ég safna en ég hef alltaf gaman af hlutum sem mikil vinna hefur verið lögð í," segir Guðlaug og er ánægð með útkomuna. „Kjallarinn er orðinn mjög kósí.“

heida@frettabladid.is

## VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið hefst 18. febrúar



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.  
**Eco Driving**

UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI SKEMMTUN**

Meiri Vísir.

vísir.is

6 mánaða vaxtalaugar greiðslur


## Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

### SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. **264.900**

### VALHÖLL


Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**


### IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210  
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



# VALENTÍNUSARDAGUR

**Dagur elskenda**, Valentínusardagur, er runninn upp en þá tíðkast að gefa sinni heittelskuðu eða heittelskaða gjafir, blóm eða kontekt og láta Valentínusarkort fylgja.

Valentínusardagur á uppruna sinn í Evrópu á 14. öld. Síðar hafa Bandaríkjamenn verið einna iðnastir við að halda uppi merkjum hans. Hefðir í kringum daginn virðast ekkert hafa að gera með dýrlinginn Valentínus.



visindavefur.is

Auðvelt er að rúlla upp rómantískum morgni á Valentínusardaginn. Blóm í vasa á náttborðið, kertastjaki, bollí af heitu tei og ljóðabók.



Frúin í Hamborg á Akureyri er full af fallegu postulíni.

## Heimilið fær í rómantískt horf

Fátt er skemmtilegra en að færa heimilið í léttari búning þegar nær dregur vori. Draga fram blómamynstur og púða og færa blóm og rómantík heim í stofu. Viða fást krúttlegir hlutir sem fara vel við þemað.

Það þarf ekki að vera flókið að færa heimilið í örlítið rómantískan búning. Þeir stórhuga geta að sjálfsögðu gengið alla leið – nælt sér í alrómantískar fyrirmyndir af frönskum blöðum og vefsíðum og hermt eftir – en ódýrara og þægilegra er að bæta við nokkrum hlutum sem geta mykt línur annars kannski stílhreins heimilis.

Hér á landi eru nokkrar verslanir sem hafa mikið úrval af fallegum púðum, teppum, luktum, vösum og fleiru til í mildum litum, með mjúkum línum, mynstrum, flúri og krúsidúllum. Antíkmunir geta oft myndað mjög svo rómantískt yfirbragð og frönsk antík hefur sérstaklega átt upp

á pallborðið síðustu árin hérlendis. Í Fríðu frænku er hægt að finna mikið af húsgögnum í þeim stíl. Allt frá postulínsstytum upp í stóra spegla, sófa og stóla. Önnur verslun sem selur vörur af rómantískum toga er Sirka á Akureyri en þar fást nýjar vörur sem minna oft á gamla tíma. Heimasíðan er sirka.is þar sem höfuðborgarbúar geta skoðað úrvalið og verslað í netverslun eða skellt sér í heimsókn í næstu Akureyrarferð.

Af öðrum antikverslunum má nefna Antikhúsið á Skólavörðustíg, Antíkmuni á Klapparstíg og Antíkbúðina Hafnarfirði. Þá eru blómabúðir víðast hvar með litla muni, kertastjaka og blómavasa sem gefa heimilinu rómantískan blæ.

- jma

## Valentínusardagurinn



Dagur ástarinnar er í dag!

Blóm gera kraftaverke

Íslensk blóm



SMART Á VALENTÍNUSARDEGI

teg. BRILLANT – push up í skálum A,B,C,D á kr. 5.990,-  
buxur á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Opð mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
www.misty.is

Vertu vinur



## Er sláttuvélin í stofunni? Vantar þig bílskúr?

Við seljum fyrir þig og finnum handa þér hentugri eign með bílskúr!

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

Kíktu inn á [www.landmark.is](http://www.landmark.is)!

Þú hringir, við sjáum um rest **512 4900**

## RE/MAX®

Viltu vita hvers virði eignin þín er í dag?  
Pantaðu frítt sölulverðmat án skuldbindinga.



Hringdu núna  
**699 5008**

Hannes Steindórsson  
Sölufulltrúi  
hannes@remax.is  
Sími: 699 5008

Þórarinn  
Jónsson hdl.  
lögg. Fasteignasali



Mikil náttúrufergurð er í kringum húsið, sem stendur í litlum skógi með fjölmörgum trjategundum.



Það er ekki amalegt að drekka morgunkaffið á pallinum áður en farið er í nuddpottinn með þetta einstaka útsýni yfir Hvalfjörðinn.

## Sumarhús á friðsælum stað

Sumarið er á næsta leiti og því kominn tími til að festa kaup á sumarhúsi til að njóta lífsins næsta sumar.

Fasteignasalan Eignamiðlun hefur sumarhús til sölu sem hentar þeim sem vilja hlaða batterín í einstöku umhverfi. Húsið er 103 m<sup>2</sup> á stærð og samanstendur af tveimur húsum; eldri bústað og húsi sem var flutt á staðinn.

Húsið skiptist í tvær rúmgóðar stofur með góðri lofthæð, eldhús, baðherbergi, fataherbergi, tvö svefnherbergi og svefnloft. Lóðin er eignarlóð í landi Háls og er heill heimur útaf fyrir sig. Gestahús er í litlum lundum, vinnuskúr, lítill fótboltavöllur, ótal trjategundir og nuddpottur svo eitthvað sé nefnt. Eigendur hafa haft lögheimili á staðnum síðustu ár. Fjölmargir möguleikar til útivistar, skemmtunar og afþreyingar en þarna er sannkölluð sveitastemning við bæjar-dyrnar. Verð: 29,9 m. kr.

## Fasteignauglýsingar í Fréttablaðinu

Sölumenn:

**Viðar Ingi Pétursson**  
Sími: 512-5426  
vip@365.is

**Hrannar Helgason**  
s. 512 5441  
hrannar@365.is



# heimili

## FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboi Hilmarrson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
lögg. leigumiðlari

Sími  
**530 6500**

Opið mán.-fös. frá kl. 9-17

Finnboi Hilmarrson og  
Bogi Pétursson  
löggiltir fasteignasalar

Vantar eignir  
á söluskrá



Sölusýning

**Tunguvegur**  
- Sölusýning í dag.  
Gott 110 fm hús á þremur hæðum. Þrjú svefnherbergi og stór sólpallur. Laust til afhendingar. V. 23,9 m. **Til sýnis í dag kl 12:30 - 13:00**



**Brekubær - endaraðhús.**  
Fallett 281,8 fm hús á frábærum stað við Fylkisvöllinn. Sex svefnherbergi. Möguleiki á tveimur íbúðum. V. 49,5 m.



**Vesturholt - Sérinnangur.**  
Góð 3ja herbergja 74,7 fm íbúð með sérinnangi á jarðhæð í góðu húsi rétt við golfvöllinn Keili. Afgirtur garður. V. 17,4 m.



**Hraunteigur - hæð.**  
Afar björt og rúmgóð 5 herbergja miðhæð með sameiginlegum innangi alls 136 fm og bílskúr skráður 21,6 fm, samtals: 157,6 fm. V. 32,5 m.



**Langalína - 2ja herbergja.**  
Glæsileg rúmgóð 85 fm íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi og meðfylgandi stæði í bílskúli. Vandaðar innréttingar og glæsilegt útsýni. V. 24,5 m. Laus til afhendingar.



**Akranes - einbýli.**  
Virðulegt um 185 fm einbýli við Háteig ásamt 26 fm bílskúr. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað sl. ár. V. 23,9 m.



**Hæðargarður - 63 ára og eldri.**  
Vel skipulögð um 110 fm útsýnisíbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi. Stórbrotið útsýni í suður, vestur og norður. Tvö herbergi og stórar stofur. Laus strax.



**Stóragerði - 3ja herbergja.**  
Vel skipulögð 95 fm íbúð á 1. hæð með suðursvölum. Eitt svefnherbergi og tvær samliggjandi stórar stofur ásamt íbúðarherbergi í kjallara. V. 18,9 m. Laus strax.



**Haukdælbraut - parhús.**  
Höfum til sölu tvö ný 175 fm parhús á einni hæð með innbyggðum 35 fm bílskúr. Einstök staðsetning í jaðri byggðar við ósnerta náttúruna. Afhendist tilbúið til innréttinga og jafnvel fullbúið. V. 39,0



**Hrísirimi - Sala/leiga.**  
Góð vel skipulögð 4ra herbergja neðri hæð í enda. Sérinnangur og verönd í sérgarði. V. 20,9 m. Áhv. 16,0 m.



**Hraunbær - gott verð.**  
2ja herbergja í góðu fjölbýli. Íbúðin snýr öll til suðurs og er um 60 fm. Endurnýjað eldhús. Gott skipulag. Verð aðeins 13,9 m.



**Selbrekka - tvær íbúðir.**  
Mikið endurnýjað 230 fm einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð. Nýlegar innréttingar og golfefni, raf- og pípuþagnir. Góður bakgarður, sólpallur með heitum potti. V. 55 m.



**Naustabryggja - 5 herbergja.**  
Góð 130 fm íbúð, hæð og ris, og stæði í bílskúli. 4 herbergi, vandaðar innréttingar og mikið útsýni. V. 29,9 m.



**Vatnsendahlíð - glæsilegt sumarhús.**  
Nýr 83,7 fm sumarhústaður í Vatnsendahlíð Skorradal með frábæru útsýni yfir Skorradalsvatn. Allt fyrsta flokks. V. 21,9 m.



# DOMUSNOVA

## Fasteignasala

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is



**Axel Axelsson**  
Löggiltur fasteignasali



**Albert Úlfarsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 821 0626



**Bóas Ragnar Bóasson**  
Sölustjóri  
Sími: 699 6165



**Lárus Óskarsson**  
Sölumaður  
Sími: 823 5050



**Guðmundur Kristjánsson**  
Sölumaður  
Sími: 697 9264



**Sigurður Fannar Guðmundsson**  
Sölumaður  
Sími: 897 5930



39,0 millj.

### Baugstjörn

800 SELF. | 216 fm

Gott 5 herb. einbýli á Selfossi, vel staðsett. Skipti möguleg á íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

Uppl: Sigurður Fannar 897 5930



17,2 millj.

### Ásbraut 15 og 17

200 KÓP | 81,4 fm

Vel skipulögð þriggja herbergja íbúð í góðu fjölbýli í rólegu hverfi. Húsið nýmálað og nýlega skipt um gler í íbúðinni. LÆKKAD VERÐ! OPIÐ HÚS MÁN 14 FEB. kl 17:00 – 17:30

Uppl: Lárus 823 5050



46,9 millj.

### Reynivellir

800 SELF. | 272 fm

Einbýli á besta stað. Með glæsilegum skrudgarði. Skipti möguleg á eign á höfuðborgarsvæðinu.

Uppl: Sigurður Fannar 897 5930



38,0 millj.

### Birkiholt 9

225 ÁLFT. | 180,9 fm

Fallegt og vel skipulagt raðhús á góðum stað á Álftanesi. Húsið er á tveimur hæðum. Hellulögð verönd og sólpallur. Íbúðarhlutinn er 155,3 fm. OPIÐ HÚS MÁN 14. FEB KL 18:00 – 18:30

Uppl: Lárus 823 5050



26,9 millj.

### Gunnarsbraut

105 RVK | 134,1 fm

Björt 4ra herbergja íbúð á jarðhæð auk bílskúrs. Íbúðarhlutinn er 99,6 fm og bílskúrin er 34,5 fm. Allt að 100% lán getur fylgt.

Uppl: Lárus 823 5050



67,9 millj.

### Hörðuvellir

800 SELF. | 407 fm

Glæsilegt einbýlishús, með möguleika á aukaíbúð í kjallara. Öll skipti skoðuð.

Uppl: Sigurður Fannar 897 5930



39,2 millj.

### Garðstígur 3

220 HFJ. | 236,6 fm

Stórglæsileg efri sérhæð auk bílskúrs á besta stað í Hafnarfirði. Opin og björt stofa, stór herbergi, fallegt útsýni. Íbúðarhlutinn er 201,6 fm og bílskúrin er 35 fm. LÆKKAD VERÐ!

Uppl: Lárus 823 5050



25,8 millj.

### Sóltún 41

800 SELF. | 131 fm

Þriggja herbergja nýlegt raðhús óskar eftir nýjum eiganda.

Uppl: Sigurður Fannar 897 5930



11,9 millj.

### Galtafiöt

845 FLÚÐ. | 47 fm

Bústaður rétt utan við Flúðir. Sjón er sögu ríkari.

Uppl: Sigurður Fannar 897 5930




77,0 millj.

### Viðjugerði

108 RVK | 317,5 fm

Glæsilegt tvílyft einbýlishús með innbyggðum bílskúr og aukaíbúð í grónu hverfi. Hús með mikinn sjarna og ótæmandi möguleika. Eign sem vert er að skoða.

Uppl: Lárus 823 5050




37,9 millj.

### Vesturtún

225 ÁLFT. | 144,9 fm

Fimm herbergja parhús á tveimur hæðum á góðum stað á Álftanesi. Húsið er samtals 144,9 fm, þar af er bílskúrin 26,5 fm. Efri hæðin er að miklu leyti undir súð og því grunnflötur eignarinnar stærri.

Uppl: Lárus 823 5050




52,0 millj.

### Furuás

221 HFJ. | 370 fm

Fallegt og vel skipulagt einbýlishús á góðum stað í Áslandinu. Húsið er byggt í funktisstil og er á tveimur hæðum. Húsið er skráð 311 fm en er 370 skv. teikningu.

Uppl: Lárus 823 5050



29,0 millj.

### Söluturn/Grillsjoppa

170 SELT.

Grillsjoppa á Seltjarnarnesi, í fullum restri. Jöfn og góð velta. Öll skipti skoðuð.

Uppl: Sigurður Fannar 897-5930



12,9 millj.

### Ásgarður

108 RVK | 57 fm

Auðveld kaup yfirtaka + kostnaður við sölu. Tveggja herbergja íbúð við Ásgarð í Reykjavík. Íbúðin er alls 57,2 fm. snyrtileg íbúð, góð fyrstu kaup.

Uppl: Guðmundur 697 9264




22,9 millj.

### Norðurbakki

220 HFJ. | 81 fm

Auðveld kaup!! yfirtaka + kostnaður við sölu. Glæsileg 2ra herbergja íbúð í góðu fjölbýli við Norðurbakka í Hafnarfirði. Íbúðin er alls 80,9 fm. ásamt stæði í bilageymslu.

Uppl: Guðmundur 697 9264




32,9 millj.

### Norðurbú 5

210 GARÐ. | 123 fm

ATH ATH LÆKKAD VERÐ, LAUS VIÐ KAUPSAMNING! Glæsileg 4ra herbergja íbúð í góðu lyftuhúsi við Norðurbú í OPIÐ HÚS MÁN 14. FEB KL 18:00 – 18:30

Uppl: Guðmundur 697 9264



23,4 millj.

### Rekagrandi

107 RVK | 109 fm

3ja herbergja íbúð á 4.hæð ásamt stæði í bilageymslu við Rekagrandi 1. Íbúðin er skráð 82 fm og stæðið í bilageymslunni er skráð 26,7. Að auki er sérgeymsla í sameign sem er

Uppl: Guðmundur 697 9264




32,5 millj.

### Þrastargata 3B

107 RVK | 124,5 fm

Vel staðsett 124,5 fm tvílyft timburhús sem er stutt frá Háskólasvæðinu. Tvö merkt bílastæði. OPIÐ HÚS MÁN 14. FEB KL 17:00 – 17:30

Uppl: Albert 821 0626



28,9 millj.

### Kórsalir 1

201 KÓP | 116,1 fm

Afar falleg og björt 116,1 fm 4ra herberja íbúð á 2. hæð í góðlyftuhúsi ásamt stæði í bilageymslu. OPIÐ HÚS MÁN 14. FEB KL 18:00 – 18:30 (0201 á bjöllu)

Uppl: Albert 821 0626



13,5 millj.

### Sumarbústaður í Eilífdsdal

Kjósahreppi | 74,8 fm

Fallegt 74,8 fm sumarhús með þremur svefnherbergjum og svefnlofti í Eilífdsdal við Valshamra í Kjós sem er örstutt frá Höfuðborgarsvæðinu eða ca.40 min/50km. Húsið er afar vel

Uppl: Albert 821 0626




18,9 millj.

### Flétturimi 12

112 RVK | 74,4 fm

Falleg og vel skipulögð 3ja herb. íb á jarðhæð á góðum stað í Grafarvogi. Björt stofa með útgangi á timburverönd. OPIÐ HÚS MÁN 14. FEB KL 18:00 – 18:30 (Eva og Kristján á bjöllu.)

Uppl: Albert 821 0626



33,6 millj.

### Sólarsalir

201 KÓP | 147,7 fm

Glæsileg 4ra herb. íbúð á jarðhæð með bílskúr í lokuðum botnlanga. Stóra og bjarta borðstofu/stofu og opið eldhús. Útgengt úr stofu á stóran sólpall. Rúmgott hjónaherbergi.

Uppl: Bóas 699 6165




19,5 millj.

### Ásvallagata

101 RVK | 70,3 fm

Góð 3ja 70,3 fm íbúð á 2. hæð á þessum góða stað í Miðbæ Reykjavíkur. Gott forstofuhól. Rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergið er með baðkari og glugga. Eldhús er með hvít/beiki

Uppl: Albert 821 0626



38,8 millj.

### Bergholt

270 MOS | 167 fm

5 herbergja fallegt einbýli með bílskúr. Góður garður með palli og heitum potti.

Uppl: Bóas 699 6165





# FASTEIGNA- MARKAÐURINN

## ÓÐINGSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

EINBYLI MEÐ AUKAÍBÚÐ ÓSKAST Í MIÐBÆ, VESTURBÆ EÐA Á SELTJARNARNESI.

## ÓSKUM EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EIGNA Á SÖLUSKRÁ



### Lindasmári-Kópavogi

Fallegt og vandað 173,0 fm. endaraðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Rúmgott eldhús með vönduðu innréttingum, bjartar stofur með sólskála í suður, sjónvarpsbol og 4 herbergi. Ræktuð lóð með hellulagðri innkeyrslu og stéttum og víðarvernd til suðurs. Eignin er afar vel staðsett í enda á botnlanga og við opið svæði.  
Verð 49,9 millj.



### Markarflöt- Garðabæ

Afar vel staðsett 214,7 fm einbýlishús á einni hæð með innb. tvöf. bílskúr. Húsið skiptist í forstofu með fataherbergi, hol, arinstofu með útgangi á verönd til suðurs, rúmgóða setustofu/borðstofu, eldhús, 5 svefnherbergi og baðherbergi. Húsið stendur innst í götu á 1.450 fm lóð. Útsýni að Heiðmörkinni og að Reykjanesfjalgarði.  
Verð 59,0 millj.

## 4.000-6.000 fm. atvinnuhúsnæði með mikilli lofthæð óskast á höfuðborgarsvæðinu.



### Kirkjusandur- „penthouseíbúð“- 2 sér stæði í bílageymslu.

Glæsileg 195 fm íbúð á efstu hæð auk 35,0 fm sér geymslu og tveggja sér bílastæði í bílajakjallara. Íbúðin er öll hið vandaðasta með tvennum yfirbyggðum opnanlegum svölum og óviðjafnanlegu útsýni yfir borgina, til sjávar og til fjalla. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt með miklum sérsmíðuðum innréttingum.  
Húsvörður. Eign sem vert er að skoða.



### Bogahlíð - glæsileg íbúð á efstu hæð auk þakgarðs

Glæsileg 158,1 fm íbúð á efstu hæð auk um 65,0 fm hellulagðs þakgarðs. Íbúðin er öll hin glæsilegasta hvað varðar innréttingar og efnisval. Allar innréttingar, gólfefni og loftaklæðning er úr hlyni. Verulega aukin lofthæð er í allri íbúðinni. Glæsilegar stofur með útgangi í nýlega flisalagða garðstofu. Vandað eldhús. 2 svefnherbergi. Öll aðkoma að húsinu og sameign eru til fyrirmyndar. Sér stæði í bílageymslu.



### Hjarðarhagi- 3ja herb.

Falleg 81,4 fm íbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu í kjallara á þessum eftirsóttasta stað í vesturbænum. Rúmgóð stofa/borðstofa. Nýlega uppgerð eldhús. Flisalagt baðherbergi. Stórar svalir til suðausturs. Vel staðsett eign í göngufærri frá skólum og leikskóla. Lóð nýlega endurnýjuð. Verð 22,5 millj.



### Kirkjulundur- Garðabæ. 2ja herb. íbúð

Góð 68,6 fm. 2ja herb. íbúð á neðri hæð ásamt sér geymslu og stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, eitt svefnherbergi, eldhús, stofu/borðstofu með útgangi á svalir í suðvestur og baðherbergi. Þvottaástaða er á baðherbergi. Stutt í þjónustu.  
VERÐTILBOÐ



### Arnarás- Garðabæ. 3ja herb.

Falleg og vel skipulögð 113,2 fm endaríbúð á neðri hæð með sérinnangi að meðt. sér geymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, rúmgott eldhús, þvottaherbergi innan eldhúsi, rúmgóða stofa, 2 herbergi og baðherbergi. Sér verönd til suðvesturs.  
Gluggar í 3 áttir. Fallegt útsýni. Verð 32,5 millj.



### Efstihjalli-Kópavogi. 4ra herb. með sérinnangi.

Falleg 4ra herb. 102,9 fm íbúð á jarðhæð með sérinnangi. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott hol, rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með borðkrók, 3 svefnherbergi og baðherbergi með þvottaástöðu. Lítil reitur framan við íbúð þar sem möguleiki er að setja sólpall. Hús nýlega málað að utan. Verð 20,9 millj.



### Brekkubyggð -Garðabæ

92,0 fm. 3ja herb. íbúð með sérinnangi og glæsilegu útsýni á göðum og grónum stað í Garðabæ. Stór sér lóð fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi innan forstofu, hol, 2 svefnherbergi, rúmgóða stofu, eldhús og flisalagt baðherbergi. Útsýni út á sjóinn, að Snæfellsjökli, yfir borgina og víðar.  
Verð 24,9 millj.



### Barónsstígur. 4ra herb.

Góð 4ra herb. 92,0 fm íbúð á 2. hæð í göðu steinhúsi í miðborginni. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. eldhús, baðherbergi og gólfefni að hluta. Samliggjandi stofur, opið eldhús, 2 rúmgóð herbergi auk herbergis við inngang íbúðar. Sér geymsla í kj.  
Laus fljótlega. Verð 24,7 millj.



### Reykás- 4ra herb. með bílskúr.

Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 113,9 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð auk 26,1 fm. bílskúrs. Ný endurnýjað eldhús með fallegum hvítum innréttingum, sjónvarpsbol, 3 rúmgóð herbergi, stofa með útgangi á suðursvalir og flisalagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Hús álklætt að utan. Verð 27,3 millj.



### Grettisgata.

Endurnýjuð 151 fm íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Eignin skiptist m.a. í 2 skiptanlegar stofur, eldhús, 3 herbergi, baðherbergi og 2 geymslur. Aukin lofthæð og fallegir gíflistar og rósettur í loftum. Eyja í eldhús, klætt grástéini. Hringstigi milli hæða.  
Verð 31,9 millj.



### Hrísmóar-Garðabæ. 3ja herb.

Falleg og vel skipulögð 89,2 fm 3ja herb. íbúð með tvennum svölum á 3. Hæð í nýviðgerðu fjölbyli í miðbæ Garðabæjar. Góð borðaðstaða í eldhúsi og útgangur á svalir til norður. Úr hjónaherbergi eru svalir til austurs. Þvottaherb. innan íbúðar.  
Laus fljótlega.



### Laugavegur. 2ja herb.

64,8 fm íbúð á 2. hæð að meðt. 7,9 fm sér geymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, opið eldhús með nýlegum innréttingum og útgangi á suðursvalir, bjarta stofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtuklefa. Mikil lofthæð. Búð er að endurnýja m.a. gler, rafplagnir, gólfefni, baðherbergi og eldhús.  
Verð 19,9 millj.



### Skúlagata - 2ja herb. útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 63,6 fm íbúð á 8. hæð með sér stæði í bílageymslu fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Griðarlegt útsýni til vesturs yfir borgina og að Snæfellsjökli. Þvottaherb./geymsla innan íbúðar.  
Verð 19,9 millj.



### Skeiðarvogur. 2ja herb.

2ja herb. 55,5 fm. íbúð með sérinnangi í kjallara í göðu tvíbylishúsi í Vogahverfinu. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, eldhús, 1 svefnherb., rúmgóða stofu og baðherbergi. Geymsla innan íbúðar. Húsið var viðgert og málað á þessu ári.  
Verð 13,7 millj.



### Melás-Garðabæ. Neðri sérhæð.

Falleg 111,9 fm 5-6 herb. neðri sérhæð með sér bílastæði í Ásahverfinu. Hæðin skiptist m.a. í rúmgóðar samliggjandi stofur með útgangi á verönd, nýlega endurnýjað baðherbergi, eldhús og 3 herbergi. Innaf eldhúsi (í bílskúr) er í dag innréttað hjónaherbergi og innaf því er þvottaherbergi/geymsla með útgangi á lóð. Verð 24,9 millj.



### Vindás - 3ja herb.

Vel skipulögð 85,2 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð með skjólgöðum suðursvölum og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, sjónvarpsbol og 2 góð svefnherbergi. Sér geymsla innan íbúðar og sameiginlegt þvottaherb. á hæðinni.  
Verð 21,9 millj.



# EIGNAMIDLUN Reykjavík

S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík



Frá 1957  
Eiða starfandi fasteignasala landsins

www.eignamidlun.is

## Holtshúsið - mikið endurnýjað



Glæsilegt 274,3 fm einbýli á tveimur hæðum sem hefur mikið verið endurnýjað á sl. árum. Á efri hæð er forstofa, hol, stofa, borðstofa, eldhús, snyrting, tvö herbergi og hjónaherbergi með baðherbergi innaf. Neðri hæð: sjónvarpshol, þvottahús, baðherbergi, 2-3 svefnherbergi og stór tvöfaldur innbyggður bílskúr. **V. 79,0 m. 6415**

## Ennisbraut 3 í Kjós



Einstök sveitasæla. Vel staðsett 102,5 m<sup>2</sup> sumarhús á afar fríðsælum og fallegum útsýnisstað á eins hektara (10.000 m<sup>2</sup>) eignarlóð í Kjós, aðeins 30 mínútna akstri frá höfuðborginni. Gestahús í litlum skógi og vinnuskúr á lóðinni. Mikil náttúrufergurð í kringum húsið með einstöku útsýni yfir Hvalfjörðinn. Hafa eigendur verið með fasta búsetu í húsinu síðastliðin fjögur ár og hafa þau sótt vinnu í höfuðborgina þann tíma. Einstakur sælureitur með fjölmörgum möguleikum til útivistar, skemmtunar og afþreyingar í næsta nágrenni. **V. 29,9 m. 6382**

## Túngata - virðulegt einbýlishús



Stórglæsilegt og virðulegt 595,9 fm einbýlishús á horni Túngötu og Garðastrætis. Húsið var teiknað af Einar Erlendssyni arkitekt fyrir Gísla J. Johnsson konúl og kaupþingmann frá Vestmannaeyjum og var mikið í húsið lagt. Húsið hefur töluvert verið endurnýjað á sl. 10-12 árum. Húsið gæti verið glæsilegt íbúðarhúsnæði, einbýli eða fjölbýli auk þess sem það væri tilvalið undir skrifstofu. Óskað er eftir tilboðum í húsið og nánari upplýsingar gefur Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali og Sverrir Kristinnsson löggiltur fasteignasali. **6323**

## Úthlíð 3 - neðri sérhæð - skipti



Falleg og rúmgóð 6 herb. neðri sérhæð í góðu húsi. Hæðin skiptist í anddyri, hol, eldhús, baðherbergi, gestasnyrtingu, tvær stórar samliggjandi stofur til suðurs og 4 svefnherbergi, þar af er eitt þeirra tengt dagstofunni og hægt að nýta sem þriðju stofuna.

**OPÍÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 36,9 m. 4756**

## Eldri borgarar



**Snorrabraut - fallegt útsýni**  
Falleg og björt 2ja herbergja 64 fm íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi fyrir 55 ára og eldri. Glæsilegt útsýni. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og geymslu. **V. 18,5 m. 6385**



**Gullsmári - þjónustuibúð**  
Þjónustuibúð fyrir aldraða. Mjög snyrtileg einstaklingsíbúð á fyrstu hæð. Sér verönd með skjólveggjum. Innra skipulag: Forstofa með góðum fataskáp. Baðherbergi með sturtu. Stofa/herbergi opið í eldhúskrók, útgengt á góða verönd. **V. 10,9 m. 6030**



**Hraunbær - þjónustuibúð**  
Falleg mjög vel skipulögð 2ja herbergja 68,9 fm íbúð á jarðhæð í vönduðu lyftuhúsi fyrir eldri borgara. Rúmgóð stofa. Mjög góð sameign og mikið félagsstarf í húsinu. **V. 19,9 m. 6333**

## Einbýli



**Bollagarðar - Seltjarnarnes**  
Glæsilegt nýlegt 255 fm einbýlishús þar af tvöfaldur 40,5 fm bílskúr. Húsið er á einni hæð. Húsið er vel hannað með mikilli lofthæð, stórum stofum og vönduðum innréttingum. Arinn er í stofu. **V. 85,0 m. 4014**



**Bollagarðar - fallegt hús**  
Mjög gott 232,9 fm einstaklega vel staðsett einbýlishús í botnlanga við Bollagarða. Innbyggður bílskúr. 5 svefnherbergi, tvö baðherb. vandaðar innréttingar og gólfefni. Mjög góður staður. **V. 68,5 m. 6329**



**Frjóakur - lóð undir einbýli**  
Um er að ræða 743 fm eignarlóð fyrir einbýlishús á þessum frábæra stað - einstaklega hagstætt verð! Eftir á að greiða öll gjöld af lóðinni. **V. 12,0 m. 6310**



**Skildinganes - einstök staðsetning**  
Fallegt og vel staðsett 233,5 fm einbýlishús á einni hæð sem skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, þvottahús, geymslu, hol, eldhús, arinstofu, borðstofu, setustofu, garðskála, sjónvarpsstofu, 3-4 herbergi, baðherbergi og bílskúr. Samkvæmt deiliskipulagi er heimild til stækkunar á húsinu. **V. 75,0 m. 6319**



**Einilundur 3 - Garðabær**  
Gott og vel við staðsett einbýlishús á einni hæð í Garðabæ. Húsið er skráð 175,5 fm og þar af er tvöfaldur bílskúr skráður 52,5 fm en er í raun um 61 fm. Að sögn seljanda er mögulegur byggingarréttur til stækkunar aftan við húsið. **V. 45,0 m. 6312**



**Stígahlíð - glæsilegt og nýlegt**  
